

Bláa Lónið hf.  
Ársreikningur samstæðunnar  
2023

Bláa Lónið hf.  
Norðurljósavegi 9  
241 Grindavík

kt. 431023-1130

# Efnisyfirlit

---

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra .....	3
Áritun óháðs endurskoðanda .....	6
Rekstrarreikningur .....	8
Efnahagsreikningur .....	9
Eiginfjárfirlit .....	10
Sjóðstreymisyfirlit .....	11
Skýringar .....	12
<b>Óendurskoðuð fylgiskjöl</b>	
Stjórnarháttayfirlýsing .....	30
Ófjárhagslegar upplýsingar .....	35

# Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

## Starfsemi samstæðunnar

Á árinu urðu breytingar á samstæðunni og eru eftirfarandi breytingar helstar.

Bláa Lóninu hf. var skipt þannig að dótturfélagin Blue Lagoon Skincare ehf., Eldvörp ehf., Íslenskar Heilsulindir ehf. auk eignarhluta í Hreyfingu ehf. voru færð yfir í nýtt félag. Viðtökufélagið heitir Bláa Lónið hf., en samhlíða var nafni hins skipta félags breytt í Bláa Lónið Ísland hf.

Bláa Lónið hf. er eftir breytingarnar móðurfélag samstæðunnar. Í árslok 2023 eru dótturfélög Bláa Lónsins hf. sex en þau eru Bláa Lónið Ísland hf., Blue Lagoon Skincare ehf., Eldvörp ehf., Íslenskar Heilsulindir ehf., Hrauneyjar ehf. og Ferðapjónustan Hoffell ehf.

Framangreindar breytingar áttu sér stað 31. ágúst 2023. Hins vegar var starfsemi Bláa Lónsins Ísland hf. að mestu óbreytt til ársloka, félagið annaðist áfram ýmsa stoðþjónustu við önnur félög í samstæðunni. Í upphafi árs 2024 fluttist þessi þjónusta til Bláa Lónsins hf.

Tilgangur Bláa Lónsins hf. og dótturfélaga verður eins og áður fyrst og fremst þróun, kynning og markaðssetning á heilsu- og vellíðunarþjónustu (health & wellness) auk nýtingar, skipulagningar og uppsetningar nauðsynlegrar aðstöðu til að sinna framangreindri starfsemi.

Á árinu var áfram unnið að metnaðarfullum þróunarverkefnum innan samstæðunnar. Í byrjun júlí hófst rekstur í nýrri og glæsilegri aðstöðu í Kerlingarfjöllum. Þar stendur gestum til boða fjölbreytt úrval gistingar, auk heilsulindar og fjölbreyttrar afþreyingar. Undirbúningur að uppbyggingu hótels, baðstaðar og gestastofu í Þjórsárdal stendur yfir. Jarðvegsframkvæmdir hófust undir lok árs og ráðgert er að byggingaframkvæmdir hefjist af krafti á árinu 2024.

Á árinu bættust við tvö félög í samstæðu Bláa Lónsins hf., Hrauneyjar ehf. og Ferðapjónustan Hoffell ehf. Í báðum félögum er rekin gisti- og veitingaþjónusta. Kaup félaganna styðja við vaxtarstefnu samstæðunnar og horft er til frekari uppbyggingar og þróunar á starfseminni á næstu árum.

Ársreikningur Bláa Lónsins hf. 31. desember hefur að geyma samstæðureikning félagsins og dótturfélaga þess.

Samstæða Bláa Lónsins gerir nú upp í fyrsta skipti samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilareglum, IFRS. Á innleiðingardegum eru áhrifin tvíþætt. Annars vegar er færð leigueign og leiguskuld í uppgjörð en slíkt er skylt samkvæmt stöðlunum. Hins vegar eru helstu fasteignir félagsins færðar til gangvirðis en heimild er fyrir slíku í stöðlunum. Rekstrarreikningurinn breytist þannig að í stað þess að húsaleiga sé gjaldfærð í rekstrarreikningi er leigueignin afskrifuð og vextir af leiguskuld gjaldfærðir. Þessi breyting leiðir til þess að EBITDA verður hærri en áður. Í skýringu 22 í ársreikningnum er gerð grein fyrir þeim áhrifum sem þetta hefur á reikningsskil félagsins.

## Rekstur ársins 2023

Rekstrartekjur samstæðunnar námu 140.005 þús. á árinu 2023 (111.571 þús. árið 2022). EBITDA ársins var 38.834 þús. Hagnaður af rekstri samstæðunnar á árinu nam 18.258 þús. (10.506 þús. árið 2022) samkvæmt rekstrarreikningi. Meðalfjöldi ársverka hjá félaginu á árinu var 734. Í lok ársins störfuðu 723 starfsmenn hjá félaginu.

Eignir í lok árs námu 384.215 þús. (359.492 þús. árið 2022). Þar af voru fastafjármunir 352.088 þús. í lok ársins (318.560 þús. í lok árs 2022).

Samkvæmt efnahagsreikningi nam eigið fé félagsins samtals 219.007 þús 31. desember 2023. (215.304 þús. árið 2022) Eiginfjárhlutfall var 57% af heildarfjármagni (2022: 59,9%).

Skuldir félagsins námu samtals 165.208 þús. 31. desember 2023 (144.188 þús. Árið 2022).

Vísað er í skýringu 20 varðandi umfjöllun um áhættustýringu og helstu áhættur í starfsemi félagsins.

# Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra frh.:

---

## Jarðhræringar

Jarðhræringar og eldsumbrot settu mark sitt á starfsemi Bláa Lónsins á árinu. Í nóvember reið stór jarðskjálftahrina yfir í nágrenni Bláa Lónsins. Engar skemmdir urðu á mannvirkjum Bláa Lónsins en hins vegar varð verulegt eignatjón í Grindavík og eru afleiðingar skjálftanna enn að koma fram. Tvö eldgos urðu á árinu í nágrenni Bláa Lónsins, í júlí og í desember, en bæði gosin stóðu stutt og hvorugt þeirra ógnaði byggð.

Í kjölfar jarðskjálftanna í nóvember og eldgossins í desember var Bláa Lóninu gert að leggja niður starfsemi á athafnasvæði sínu í Svartsengi. Á árinu 2023 voru þetta samtals 49 dagar.

Á síðustu misserum hefur safnast upp mikil vitneskja um jarðfræðilega hegðun óróasvæðisins á Reykjanesi og að mati vísindamanna eru líkur á eldgosi í Svartsengi litlar sem engar. Í skýrslu sem unnin var af sérfræðingum á Veðurstofu Íslands kemur m.a. fram að jarðskorpuhella sem liggur yfir Svartsengi hafi styrkst í þeim umbrotum sem átt hafa sér stað að undanförunu og líkur á eldgosi þar því minnkað enn frekar.

Viðbragðsaðilar hafa öðlast reynslu í því að meta hættuna hverju sinni og hvernig best sé að bregðast við eldgosum og öðrum jarðhræringum á svæðinu auk þess sem reistir hafa verið traustir varnargarðar umhverfis Svartsengi sem munu vernda alla starfsemi á svæðinu.

Félagið fer að öllum tilmælum viðbragðsaðila, svo sem Almannavarna og lögreglustjórans á Suðurnesjum, með það að megin markmiði að tryggja öryggi starfsfólks og gesta Bláa Lónsins. Allar forvarir hafa verið eflar til muna og m.a. unnið ítarlegt áhættumat fyrir starfsemi í Svartsengi. Stjórnendur Bláa Lónsins eru því bjartsýnir á að komi til frekari lokana vegna eldgosa muni þær vara stutt og ekki hafa veruleg áhrif á rekstur félagsins næstu misserin.

Í skýringu 21 í ársreikningnum er gerð frekari grein fyrir jarðhræringum á Reykjanesi og áhrifum þeirra á starfsemi Bláa Lónsins.

Eldvörp ehf., dótturfélag Bláa Lónsins, á allar fasteignir í Svartsengi sem félög innan samstæðunnar nýta. Þetta eru annars vegar fasteignir í rekstri Bláa Lónsins Íslands hf. og hins vegar ein fasteign notuð af Blue Lagoon Skincare ehf. Þessar eignir eru tryggðar hefðbundnum tryggingum og hvílir því bótaskylda á Náttúruhamfaratryggingum Íslands ef kemur til tjóns vegna náttúruhamfara. Þessar fasteignir, innréttingar sem í þeim eru og lausafjármunir, eru tryggðar fyrir 159,7 millj.

Að frátöldum náttúruhamförum eru aðrar helstu ógnanir sem steðja að íslenskri ferðaþjónustu, hryðjuverk, hernaðaráttök, verkfallsaðgerðir eða aðrir slíkir atburðir.

## Stjórn og stjórnarhættir

Stjórn Bláa Lónsins hefur sett sér starfsreglur og leitast þar við að fylgja „Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja“ sem Viðskiptaráð Íslands, NASDAQ OMX Iceland og Samtök atvinnulífsins gáfu út í endurskoðaðri útgáfu í febrúar 2021. Í stjórn Bláa Lónsins hf. eru þrjár konur og fjórir karlar og í framkvæmdastjórn félagsins sitja auk forstjóra þrír karlar og þrjár konur. Félagið birtir stjórnarháttaryfirlýsingu sem hluta af samstæðuársreikningi félagsins.

# Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra frh.:

## Hluthafar

Hlutfélagið er ISK 874,5 millj. og er bókfært virði þess EUR 6.113 þús. Fjöldi hluthafa í lok árs eru 47. Eftirfarandi eru tíu stærstu hluthafar félagsins í árslok:

Blávarmi slhf. ....	36,2%
Hvatning ehf. ....	24,9%
Landsbréf Hvatning slhf. ....	18,0%
Stoðir hf. ....	7,3%
M4 ehf. ....	3,9%
Eðvard Júlíusson ....	2,5%
Bogmaðurinn ehf. ....	2,4%
Jú ehf. ....	0,9%
Keila ehf. ....	0,9%
Bláa Lónið Ísland hf. ....	0,8%

Stjórn félagsins mun ekki leggja til arðgreiðslu vegna ársins 2023.

## Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Bláa Lónið hefur allt frá stofnun lagt áherslu á samfélagsábyrgð og hefur nálgun Bláa Lónsins í málaflokknum þróast í takt við þróun fyrirtækisins og samfélagsins. Stefna Bláa Lónsins í samfélagsábyrgð leggur áherslu á að náttúran er ekki óþrjótandi auðlind og félagið stuðlar að sjálfbærni á öllum sviðum, í samvinnu og sátt við samfélagið. Meginverkefni eru umhverfis- og gæðamál, sjálfbærni og ábyrg viðskipti, vinnuvernd og öryggismál. Í samræmi við ákvæði ársreikningalaga birtir félagið sérstakan kafla um ófjárhagslega upplýsingagjöf sem er hluti af ársreikningi félagsins. Þar er einnig að finna upplýsingagjöf félagsins í samræmi við kröfur Flokkunarreglugerðar ESB sem tók gildi 1. júní 2023, en gildir fyrir allt fjárhagsárið 2023. Félagið hefur útbúið sérstaka samfélagskýrslu um þróun samfélagsábyrgðar hjá Bláa Lóninu og má nálgast hana á heimasíðu félagsins, [www.bluelagoon.com](http://www.bluelagoon.com).

## Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra gefur ársreikningur samstæðunnar glögga mynd af rekstrarafkomu samstæðunnar á árinu 2023, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar þann 31. desember 2023 og breytingum á handbæru fé á árinu, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Jafnframt er það álit stjórnar og forstjóra að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra geymi glögg yfirlit um þróun, stöðu og árangur í rekstri samstæðunnar og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem samstæðan býr við.

Stjórn og forstjóri Bláa Lónsins hf. hafa í dag farið yfir ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2023 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Garðabær, 12. mars 2024

Í stjórn félagsins:

Úlfar Steindórsson

Ágústa Johnson

Ragnar Guðmundsson

Anna G. Sverrisdóttir

Steinar Helgason

Jón Sigurðsson

Erla Ósk Ásgeirsdóttir

Forstjóri:

Grímur Sæmundsen

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Til stjórnar og hluthafa Bláa lónsins hf.

## Áritun um endurskoðun samstæðuársreikningsins

### Álit

Við höfum endurskoðað samstæðuársreikning Bláa lónsins hf. („samstæðan“) fyrir árið 2023. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjárfirlit, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu samstæðunnar 31. desember 2023 og afkomu samstæðunnar og breytingu á handbæru fé á árinu 2023, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur sem koma fram í lögum nr. 3/2006 um ársreikninga.

### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun samstæðuársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð samstæðunni í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

### Ábending vegna jarðhræringa

Án þess að gera fyrirvara við álit okkar viljum við vekja athygli á umfjöllun í skýrslu stjórnar og forstjóra og skýringu nr. 21. í ársreikningnum þar sem greint er frá óvissu vegna áhrifa jarðhræringa sem hófust haustið 2023.

### Ábyrgð stjórnar og forstjóra á samstæðuársreikningi

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur sem koma fram í lögum nr. 3/2006 um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram samstæðuársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð samstæðuársreikningsins ber stjórn og forstjóra að leggja mat á rekstrarhæfi samstæðunnar og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa samstæðuna upp eða hætta starfsemi hennar, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og forstjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun samstæðuársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort samstæðuársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur samstæðuársreikningsins taka á grundvelli hans.

## Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

---

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun samstæðuársreikningsins, frh.:

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í samstæðuársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits samstæðunnar.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og forstjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi samstæðunnar. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum samstæðuársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert samstæðuna órekstrarhæfa.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald samstæðuársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.
- Öflum nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna varðandi fjárhagslegar upplýsingar eininga innan samstæðunnar til að geta gefið álit á samstæðuársreikningnum. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, eftirliti og framkvæmd endurskoðunar samstæðunnar og berum óskipta ábyrgð á áritun okkar.

Við upplýsum stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega anmarka á innra eftirliti.

### Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum samstæðuársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Garðabær, 12. mars 2024.

**KPMG ehf.**

Ólafur Már Ólafsson

Díana Hilmarsdóttir

# Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu ársins 2023

	Skýr.	2023	2022*
<b>Rekstrartekjur</b> .....	4	140.005.759	111.571.122
<b>Rekstrargjöld</b>			
Vörunotkun .....		16.438.706	12.791.442
Laun og annar starfsmannakostnaður .....	5	58.180.155	47.173.908
Almennur rekstrarkostnaður .....	6	26.552.942	23.805.802
		<u>101.171.803</u>	<u>83.771.152</u>
<b>Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA)</b> .....		38.833.956	27.799.970
Afskriftir .....	8, 9	( 12.038.048)	( 11.387.115)
<b>Rekstrarhagnaður</b> .....		26.795.908	16.412.855
Fjármunatekjur .....		2.705.879	480.156
Fjármagnsgjöld .....		( 6.677.968)	( 4.054.587)
Gangvirðisbreytingar verðbréfa .....		( 483.205)	( 333.167)
<b>Hreinn fjármagnskostnaður</b> .....	7	( 4.455.294)	( 3.907.598)
Áhrif hlutdeildarféлага .....	10	727.807	434.911
<b>Hagnaður fyrir tekjuskatt</b> .....		23.068.421	12.940.168
Tekjuskattur .....	15	( 4.810.481)	( 2.433.969)
<b>Hagnaður ársins</b> .....		<u>18.257.940</u>	<u>10.506.199</u>
<b>Önnur heildarafkoma</b>			
<i>Rekstrarliðir færðir beint á eigið fé en kunna síðar að verða færðir í rekstrarreikning:</i>			
Þýðingarmunur vegna starfsemi dótturfélaga .....		298.087	( 789.129)
<b>Heildarafkoma ársins</b> .....		<u>18.556.027</u>	<u>9.717.070</u>
<b>Skipting hagnaðar:</b>			
Hluthafar móðurfélags .....		18.540.940	10.456.111
Hluthafar minnihluta .....		( 283.000)	50.088
		<u>18.257.940</u>	<u>10.506.199</u>
<b>Skipting heildarafkomu:</b>			
Hluthafar móðurfélags .....		18.652.547	10.009.402
Hluthafar minnihluta .....		( 96.522)	( 292.332)
		<u>18.556.025</u>	<u>9.717.070</u>
<b>Hagnaður á hlut:</b>			
Grunnhagnaður á hlut .....		2,99	1,93
Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut .....		3,05	1,93

\*Endurgerður rekstrarreikningur vegna innleiðingar alþjóðlegra reikningskilastaðla. Innleiðingardagur var 1.1. 2022. Sjá skýringu 22.

Skýringar á blaðsíðum 12 til 29 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.



# Efnahagsreikningur 31. desember 2023

Eignir	Skýr.	2023	31.12.2022*	1.1.2022*
Óefnislegar eignir .....	3f	9.161.240	1.080.111	557.387
Rekstrarfjármunir .....	8	318.997.080	295.483.441	286.434.460
Leigueignir .....	9	9.850.070	9.721.781	6.867.664
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum .....	10	11.837.251	11.221.396	4.650.240
Eignarhlutir í öðrum félögum .....	10	247.567	232.155	237.962
Kröfur á tengda aðila .....	19	300.240	820.915	1.038.233
Skatteign .....	15	1.694.999	0	0
Fastafjármunir		<u>352.088.447</u>	<u>318.559.799</u>	<u>299.785.946</u>
Birgðir .....	11	6.240.597	5.064.820	3.903.819
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur .....	12	10.886.196	3.992.873	2.815.249
Fjárfestingar tilgreindar á gangvirði .....	13	894.072	1.056.551	1.775.272
Handbært fé .....	3j	14.105.418	30.817.934	23.688.006
Veltufjármunir		<u>32.126.283</u>	<u>40.932.178</u>	<u>32.182.346</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u><u>384.214.730</u></u>	<u><u>359.491.977</u></u>	<u><u>331.968.292</u></u>
<b>Eigið fé</b>				
Hlutafé .....		6.063.106	5.258.600	5.258.600
Bundið eigið fé .....		152.032.552	154.505.604	157.962.019
Óráðstafað eigið fé .....		59.642.461	43.970.242	30.504.425
Eigið fé hluthafa móðurfélags .....		217.738.119	203.734.446	193.725.044
Hlutdeild minnihluta .....		1.268.531	11.569.315	4.815.490
Eigið fé	14	<u>219.006.650</u>	<u>215.303.761</u>	<u>198.540.534</u>
<b>Skuldir</b>				
Langtímaskuldir .....	16	85.396.054	73.045.269	77.629.129
Tekjuskattsskuldbinding .....	15	38.317.090	36.726.578	34.269.420
Leiguskuldir .....	17	8.446.615	8.075.469	6.867.664
Langtímaskuldir		<u>132.159.759</u>	<u>117.847.316</u>	<u>118.766.213</u>
Skammtímalán .....	8	7.202.073	4.756.361	0
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	16	5.080.752	4.828.230	4.684.962
Leiguskuldir .....	17	1.626.957	1.540.249	0
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir .....	18	11.672.207	11.228.344	7.912.209
Fyrirframinnheimtar tekjur .....		2.493.849	3.987.716	2.064.374
Tekjuskattur til greiðslu .....	15	4.972.483	0	0
Skammtímaskuldir		<u>33.048.321</u>	<u>26.340.900</u>	<u>14.661.545</u>
Skuldir samtals		<u>165.208.080</u>	<u>144.188.216</u>	<u>133.427.758</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u><u>384.214.730</u></u>	<u><u>359.491.977</u></u>	<u><u>331.968.292</u></u>

\*Endurgerðir efnahagsreikningar vegna innleiðingar alþjóðlegra reikningskilastaðla. nnleiðingardagur var 1.1. 2022. Sjá skýringu 22.

Skýringar á blaðsíðum 12 til 29 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

## Eiginfjáryfirlit 2023

	Hlutfé	Bundið eigið fé*	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé eiganda móðurfélags	Hlutdeild minnihluta	Eigið fé samtals
<b>Árið 2022</b>						
Eigið fé 1.1.2022 .....	5.258.600	157.962.019	30.504.425	193.725.044	4.815.490	198.540.534
Heildarafkoma ársins .....	(	446.709)	10.456.111	10.009.402	( 292.332)	9.717.070
Hækkun minnihluta .....					7.046.157	7.046.157
Fært af bundnu eigin fé .....	(	3.009.706)	3.009.706			
Eigið fé 31.12.2022 .....	5.258.600	154.505.604	43.970.242	203.734.446	11.569.315	215.303.761
<b>2023</b>						
Eigið fé 1.1.2023 .....	5.258.600	154.505.604	43.970.242	203.734.446	11.569.315	215.303.761
Heildarafkoma ársins .....		111.608	18.540.940	18.652.548	( 96.523)	18.556.025
Keyptir eigin hlutir .....	( 58.155)	( 4.594.234)		( 4.652.389)		( 4.652.389)
Nýtt hlutfé .....	3.514			3.514		3.514
Lækkun minnihluta .....					( 10.204.261)	( 10.204.261)
Áhrif skiptingar og samruna .....	859.147	( 659.117)	( 200.030)			
Fært af bundnu eigin fé .....		2.668.691	( 2.668.691)			
Eigið fé 31.12.2023 .....	6.063.106	152.032.552	59.642.461	217.738.119	1.268.531	219.006.650

### \*Bundnir eiginfjárreikningar greinast þannig:

	Yfirverðs- reikningur	Lögbundinn varasjóður	Bundinn hlutdeildar reikningur	Gangvirðis hækkun fasteigna	Þýðingarmunur	Samtals
Bundið fé 1.1.2022 .....	11.944.335	1.314.650	2.161.617	144.000.000	( 1.458.583)	157.962.019
Þýðingarmunur ársins .....					( 446.709)	( 446.709)
Fært af bundnu eigin fé .....			( 129.706)	( 2.880.000)		( 3.009.706)
Bundið fé 31.12.2022 .....	11.944.335	1.314.650	2.031.911	141.120.000	( 1.905.292)	154.505.604
Bundið fé 1.1.2023 .....	11.944.335	1.314.650	2.031.911	141.120.000	( 1.905.292)	154.505.604
Keyptir eigin hlutir .....	( 4.594.234)					( 4.594.234)
Þýðingarmunur ársins .....					111.608	111.608
Áhrif skiptingar og samruna .....			( 659.117)			( 659.117)
Fært af bundnu eigin fé .....			5.548.691	( 2.880.000)		2.668.691
Bundið fé 31.12. 2023 .....	7.350.101	1.314.650	6.921.485	138.240.000	( 1.793.684)	152.032.552

# Sjóðstreymisyfirlit 2023

	Skýr.	2023	2022*
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hagnaður ársins .....		18.257.940	10.506.199
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	8,9	12.038.048	11.387.115
Óinnleyst afkoma af markaðsverðbréfum .....	(	192.080)	718.721
Vextir og gengismunur .....		743.652	( 4.862)
Áhrif hlutdeildarféлага .....	(	727.807)	( 434.911)
Breyting á tekjuskattskuldbindingu/ógreiddir skattar .....		4.867.996	2.457.158
Veltufé frá rekstri		<u>34.987.749</u>	<u>24.629.420</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Birgðir, breyting .....	(	1.175.777)	( 1.161.001)
Skammtímakröfur, breyting .....	(	7.240.209)	( 1.524.609)
Skammtímaskuldir, breyting .....		2.725.438	7.291.121
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum	(	<u>5.690.548)</u>	<u>4.605.511</u>
Innheimtar vaxtatekjur .....		346.886	346.985
Greidd vaxtagjöld .....	(	3.003.893)	( 2.051.649)
Handbært fé frá rekstri		<u>26.640.194</u>	<u>27.530.267</u>
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Fjárfesting í rekstrarfjármunum .....	8	( 34.294.218)	( 19.411.055)
Verðbréfaeign, breyting .....		354.559	0
Arður greiddur frá hlutdeildarfélagum .....		181.281	0
Kaup í dótturfélögum .....	(	18.381.913)	0
Kaup í hlutdeildarfélagum .....		0	( 7.023.468)
Lán til tengdra aðila, breyting .....	19	520.675	0
	(	<u>51.619.616)</u>	<u>( 26.434.523)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Keyptir eigin hlutir .....	(	4.652.389)	0
Nýtt hlutafé .....		3.514	0
Ný skammtímalán .....		2.445.712	4.756.361
Afborganir langtímalána .....	16	( 4.439.144)	( 4.566.173)
Afborganir leiguskulda .....	(	1.801.680)	( 1.722.079)
Ný langtímalán .....	16	16.710.893	519.918
Hækkun minnihluta .....		0	7.046.157
		<u>8.266.906</u>	<u>6.034.184</u>
<b>Breyting á handbæru fé</b> .....	(	<b>16.712.516)</b>	<b>7.129.928</b>
<b>Handbært fé í ársbyrjun</b> .....		<b>30.817.934</b>	<b>23.688.006</b>
<b>Handbært fé í lok ársins</b> .....		<b><u>14.105.418</u></b>	<b><u>30.817.934</u></b>

\*Endurgert sjóðstreymi vegna innleiðingar alþjóðlegra reikningsskilastaðla. Innleiðingardagur var 1.1. 2022. Sjá skýringu 22.

Skýringar á blaðsíðum 12 til 29 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

# Skýringar

---

## 1. Almennar upplýsingar

Bláa Lónið hf. (félagið) er með aðsetur á Íslandi og eru höfuðstöðvar félagsins við Norðurljósaveg 9 í Grindavík. Samstæðureikningur félagsins hefur að geyma ársreikning móðurfélagsins og dótturfélaga þess, sem vísað er til í heild sem samstæðunnar og til einstakra félaga sem samstæðufélaga.

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

### a. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Ársreikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Þetta er fyrsti ársreikningurinn sem gerður er í samræmi við IFRS en ársreikningar fyrri ára voru gerðir samkvæmt lögum um ársreikninga. Innleiðingardagur IFRS var 1. janúar 2022. Auk þess hefur samstæðan beitt ákvæðum laga nr. 3/2006 um ársreikninga þegar ekki er kveðið á um tiltekin atriði í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, svo sem um færslur inn á bundinn hlutdeildarreikning á meðal eigin fjár og viðbótakröfur ársreikningalaga um upplýsingagjöf. Í skýringu 22 er gerð nánari grein fyrir áhrifum innleiðingar IFRS á reikningsskil samstæðunnar. Samanburðarfjárhæðir í rekstrarreikningi og sjóðstreymi hafa verið endurgerðar vegna innleiðingar alþjóðlegra reikningsskilastaðla og eru fyrir tímabilið 1.1.2022 - 31.12.2022.

### b. Rekstrarhæfi

Stjórnendur hafa metið rekstrarhæfi samstæðunnar. Það er mat þeirra að áframhaldandi rekstur hennar sé tryggður og hún vel í stakk búin til að mæta skuldbindingum sínum í fyrirsjáanlegri framtíð. Ársreikningurinn er því settur fram miðað við áframhaldandi starfsemi.

Stjórn Bláa Lónsins hf. staðfesti ársreikninginn 12. mars 2024.

### c. Matsaðferðir

Ársreikningurinn er gerður á grundvelli kostnaðarverðs að öðru leyti en því að verðbréf eru færð á gangvirði.

### d. Starfsrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningurinn er birtur í evrum (EUR), sem er starfrækslugjaldmiðill móðurfélagsins.

### e. Mat og ákvarðanir

Gerð samstæðureikninga í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og dragi ályktanir sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru í stöðugri endurskoðun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað og þeim framtíðartímabilum sem breytingarnar hafa áhrif á. Þeir liðir þar sem helst reynir á mat og ályktanir stjórnenda eru leigusamningar, sbr. skýringu 9 og óefnislegar eignir sbr. skýringu 3.f.

## 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem er lýst hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti fyrir öll tímabil sem koma fram í samstæðuársreikningi félagsins.

### a. Yfirtaka félaga

Kaupaðferðinni er beitt við sameiningar þegar yfirráð flytjast til samstæðunnar. Það sem innt er af hendi við yfirtökuna er almennt metið á gangvirði sem og þær aðgreinanlegu eignir og skuldir sem yfirteknar eru. Þegar félagið er yfirtökuaðili við sameiningar fyrirtækja myndast viðskiptavild. Þær fjárhæðir sem úthlutað er á yfirteknar eignir og skuldir byggjast á forsendum og mati á gangvirði þessara eigna og skulda. Við matið ráðfæra stjórnendur sig við óháða og viðurkennda matsmenn eftir því sem við á. Breytingar á forsendum og mati gætu haft í för með sér breytingar á virði sem útdelt var á tilteknar eignir og mat á nýtingartíma þeirra sem gæti haft áhrif á fjárhæðir eða tímasetningar gjaldfærslna í rekstrarreikningi samstæðunnar sem afskriftir óefnislegra eigna.

## Skýringar, frh.:

---

### b. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð í starfrækslugjaldmiðli félagsins á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi á uppgjörssdegi. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning. Með erlendum gjaldmiðlum er átt við alla aðra gjaldmiðla en evrur. Gengi evru gagnvart íslenskri krónu samkvæmt Seðlabanka Íslands er sem hér segir:

	31.12.2023	31.12.2022
Gengi í lok árs (EUR gagnvart ISK) .....	150,50	151,50
Meðalgengi ársins (EUR gagnvart ISK) .....	149,14	142,33

Eignir og skuldir vegna starfsemi dótturfélaga og eignarhlutir í hlutdeildarfélögum með annan starfrækslugjaldmiðil en EUR eru umreiknaðar í EUR á gengi gjaldmiðilsins á árinu, en rekstrarárangur þeirra á meðalgengi ársins. Gengismunur sem myndast við yfirfærslu í evru er færður á sérstakan eiginfjárreikning. Ef starfsemi þessara félaga er seld, að hluta til eða öllu leyti, er tengdur gengismunur endurflokkaður í aðra heildarafkomu.

### c. Fjármálagerningar aðrir en afleiður

Fjáreignir eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði. Til fjármálagerninga sem ekki eru afleiðusamningar teljast viðskiptakröfur og aðrar kröfur, handbært fé, lántökur, viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir.

Fjármálagerningar sem ekki eru afleiðusamningar eru færðir á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald. Þegar fjármálagerningar eru ekki metnir á gangvirði gegnum rekstrarreikning, er allur beinn viðskiptakostnaður færður til hækkunar á virði þeirra við upphaflega skráningu í bókhald. Eftir upphaflega skráningu eru fjármálagerningar sem ekki eru afleiðusamningar færðir með þeim hætti sem greinir hér á eftir.

Fjáreignir á afskrifuðu kostnaðarverði eru fjáreignir með föstum eða ákvarðanlegum greiðslum sem ekki eru skráðar á virkum markaði. Slíkar eignir eru í upphafi færðar á gangvirði að viðbættum öllum tengdum viðskiptakostnaði. Eftir upphaflega skráningu eru lán og kröfur færðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti, að frádreginni virðisrýrnun þegar við á. Lán og kröfur samanstanda af handbæru fé, verðbréfaeign, samningum, viðskiptakröfum og öðrum kröfum.

#### Fjáreignir

Handbært fé, viðskiptakröfur og aðrar skammtímaskuldir eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði. Fjárfestingar í skráðum hluta- og skuldabréfum eru færðar á gangvirði og gangvirðisbreytingar í rekstrarreikning.

#### Fjárskuldir

Fjárskuldir samstæðunnar eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði.

### d. Hlutdeildarfélög

Hlutdeildarfélög eru þau félög þar sem samstæðan hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu, en ekki yfirráð. Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum eru færðir samkvæmt hlutdeildaraðferð. Hlutdeildarfélög eru í upphafi færð á kostnaðarverði en það innifelur viðskiptakostnað. Eftir upphaflega skráningu er hlutdeild samstæðunnar í hagnaði eða tapi hlutdeildarfélaga færð í samstæðureikninginn sem og hlutdeild í annarri heildarafkomu þeirra þar til verulegum yfirráðum lýkur.

### e. Dótturfélög

Dótturfélög eru félög þar sem samstæðan fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar ef samstæðan ber áhættu og réttindi til að njóta breytilegs ávinnings vegna þátttöku sinnar í félaginu og getur með ákvörðunarvaldi haft áhrif á ávinninginn af fjárfestingunni. Reikningssskil dótturfélaga eru innifalín í samstæðureikningnum frá því að yfirráð nást og þar til þeim lýkur.

Viðskipti milli samstæðufélaga, stöður milli þeirra og óinnleystar tekjur og gjöld sem myndast hafa í viðskiptum milli félaganna eru felld út við gerð samstæðuársreikningsins.

### f. Öfnislegar eignir

Viðskiptavild myndast vegna fjárfestinga í dótturfélögum umfram hlutdeild í eigin fé. Viðskiptavild er færð á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun. Viðskiptavild er ekki afskriftuð heldur virðisprófuð að minnsta kosti árlega, en oftast ef vísbendingar koma fram um virðisrýrnunina. Við virðispróf viðskiptavildar er henni deilt út á þær sjóðskapandi einingar sem hún tengist.

Við mat á viðskiptavild er byggt á áætlunum um fjárstreymi sem byggja á rauntölum.

## Skýringar, frh.:

### 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir frh.

#### g. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádrögnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisryrnun. Kostnaðarverðið innifelur beinan kostnað sem fellur til við kaupin.

Kostnaður sem fellur til vegna endurnýjunar á hlutum í einstökum rekstrarfjármunum er eignfærður sem rekstrarfjármunir, ef það er líklegt að efnahagslegur ávinningur sem felst í eigninni muni renna til samstæðunnar og hægt er að meta kostnaðinn með áreiðanlegum hætti. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað. Fjármagnskostnaður á framkvæmdatíma er eignfærður þar til viðkomandi eign er tekin í notkun.

#### Afskriftir

Afskriftir eru færðar línulega í rekstrarreikning miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra rekstrarfjármuna. Lóðir eru ekki afskrifaðar.

Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Fasteignir .....	25 -50 ár
Aðrir rekstrarfjármunir .....	4-7 ár

Niðurlagsverð er endurmetið árlega nema þegar um óverulega fjárhæð er að ræða.

#### h. Leigusamningar

Sem leigutaki færir samstæðan leigueign og leiguskuld í efnahagsreikning á upphafsdegi leigusamnings nema um sé að ræða leigusamning þar sem ákvarðaður leigutími er 12 mánuðir eða styttri eða leigusamning þar sem verðmæti undirliggjandi eigna er lágt. Leigueignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði, en það er upphafleg fjárhæð leiguskulda að viðbættum leigugreiðslum sem samstæðan innir af hendi á eða fyrir upphafsdag leigusamninga. Leiguskuldir eru upphaflega færðar miðað við núvirði leigugreiðslna sem eru ógreiddar á upphafsdegi leigusamningsins, þar sem leigugreiðslur eru núvirtar með því að nota innbyggða vexti í leigunni, ef unnt er að meta þá með áreiðanlegum hætti, en annars miðað við vexti af nýju lánsfé. Samstæðan styðst við vexti af nýju lánsfé.

Leigueignir eru afskrifaðar línulega frá upphafsdegi samninga til lok leigutíma. Við ákvörðun leigutíma þarf eftir atvikum að taka tillit til ýmissa þátta svo sem uppsagnar- og framlengingarheimilda og kaupréttar ef um hann er að ræða. Eftir upphaflega skráningu í bókhald eru reiknuð vaxtagjöld færð til hækkunar á leiguskuldinni en greiddar leigugreiðslur til lækkunar á henni. Bókfært verð leiguskulda er endurmetið þegar breyting verður á leigugreiðslum í framtíðinni, t.d. vegna vísitölutrygginga eða breyttra forsenda um nýtingu framlengingar- eða uppsagnarheimilda. Þegar bókfært verð leiguskulda er endurmetið á þennan hátt er samsvarandi leiðrétting gerð á bókfærðu verði leigueigna. Breytilegar leigugreiðslur sem ekki ráðast af vöxtum eða vísitölum eru gjaldfærðar þegar þær falla til.

Breytilegar leigugreiðslur sem taka mið af veltu eru ekki innifaldar í mati á leiguskuldum nema að því marki sem þær eru áfallnar og ógreiddar á reikningsskiladegi Breytilegar leigugreiðslur sem taka mið af veltu eru færðar til gjalda í rekstrarreikning eftir því sem þær falla til. Leigueignir eru sérgreindar í efnahagsreikningi meðal fastafjármuna. Leiguskuldir eru sérgreindar í efnahagsreikningi og skipt í langtíma- og skammtímahluta. Afskriftir af leigueignum eru í rekstrarreikningi undir afskriftum. Vaxtagjöld af leiguskuldum eru í rekstrarreikningi undir fjármagnsgjöldum.

Ákvarðaðir vextir og leigutími er sem hér segir:

	Ákvarðaðir vextir	Leigutími
Húsaleigusamningar .....	6,69 - 8,05%	2-42 ár
Lóðaleigusamningar .....	7,16 - 9,46%	5-50 ár
Bílasamningar .....	7,59 - 13,51%	3 ár

## Skýringar, frh.:

---

### 3. Mikilvægar reikningskilaaðferðir frh.

#### i. Birgðir

Birgðir eru metnar á kostnaðarverði eða hreinu söluvirði, hvoru sem lægra reynist. Kostnaðarverð birgða byggir á því að þær birgðir sem fyrst eru keyptar inn séu seldar fyrst (e. FIFO). Kostnaður sem fellur til við að afla birgðanna og koma þeim á þann stað og í það ástand sem þær eru í á uppgjörstegi er hluti af kostnaðarverðinu. Framleiðsluvörur eru metnar á meðalframleiðsluverði, sem samanstendur af beinum og óbeinum framleiðslukostnaði.

#### j. Handbært fé

Til handbærs fjár teljast sjóðir, óbundnar bankainnstæður og skammtímaverðbréf, sem bera ekki mikla áhættu vegna breytinga á gangvirði og eru notuð af félaginu til að mæta skuldbindingum til skamms tíma. Handbært fé sundurliðast þannig:

	31.12.2023	31.12.2022
Óbundnar bankainnstæður .....	2.280.694	12.710.475
Skammtímaverðbréf .....	11.824.724	18.107.459
Handbært fé samtals .....	<u>14.105.418</u>	<u>30.817.934</u>

#### k. Virðisrýrnun

##### Fjáreignir

Á hverjum uppgjörstegi er kannað hvort til staðar sé hlutlæg vísbending um virðisrýrnun fjáreigna, sem ekki eru færðar á gangvirði. Fjáreign hefur rýrnað í virði ef hlutlægar vísbendingar eru um að einn eða fleiri atburðir sem hafa orðið benda til þess að vænt framtíðarsjóðstreymi eignarinnar sé lægra en áður var talið.

Virðisrýrnun fjáreigna sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði er mismunurinn á bókfærðu verði þeirra annars vegar og núvirtu væntu framtíðarsjóðstreymi, miðað við upphaflega virka vexti, hins vegar. Virðisrýrnun fjáreigna til sölu er ákvarðað með hliðsjón af gangvirði þeirra á hverjum tíma. Einstakar mikilvægar fjáreignir eru prófaðar sérstaklega með tilliti til virðisrýrnunar. Aðrar fjáreignir eru flokkaðar saman eftir lánsáhættueinkennum og hver flokkur metinn sérstaklega með tilliti til virðisrýrnunar.

Virðisrýrnun er gjaldfærð í rekstrarreikningi.

Virðisrýrnun er bakfærð ef hægt er að tengja bakfærsluna á hlutlægan hátt atburði sem átti sér stað eftir að virðisrýrnunin var færð. Virðisrýrnun fjárfestinga til gjalddaga er bakfærð í rekstrarreikningi.

##### Aðrar eignir

Bókfært verð annarra eigna samstæðunnar, að undanskildum birgðum, er yfirfarið á hverjum uppgjörstegi til að meta hvort vísbendingar séu um virðisrýrnun þeirra. Sé einhver slík vísbending til staðar er endurheimtanleg fjárhæð eignarinnar metin. Virðisrýrnunarpróf eru gerð að minnsta kosti árlega á viðskiptavild.

Endurheimtanleg fjárhæð eignar eða fjárskapandi einingar er hreint gangvirði þeirra eða nýtingarvirði, hvort sem hærra reynist. Nýtingarvirði er áætlað framtíðarsjóðstreymi, sem er núvirt með vöxtum fyrir skatta, þar sem vextirnir endurspeglar mat markaðarins á tímavirði peninga hverju sinni og þá áhættu sem fylgir eigninni.

Virðisrýrnun er gjaldfærð þegar bókfært verð eignar eða fjárskapandi einingar er hærra en endurheimtanleg fjárhæð hennar. Fjárskapandi eining er minnsti aðgreinanlegi hópur eigna sem myndar sjóðstreymi sem er að mestu leyti óháð öðrum eignum eða hópum eigna. Virðisrýrnun fjárskapandi eininga er fyrst færð til lækkunar á tilheyrandi viðskiptavild, en síðan til hlutfallslegrar lækkunar á bókfærðu verði annarra eigna sem tilheyra einingunni. Virðisrýrnun er gjaldfærð í rekstrarreikningi.

Virðisrýrnun viðskiptavildar er ekki bakfærð. Virðisrýrnun fyrri tímabila vegna annarra eigna er metin á hverjum uppgjörstegi til að kanna hvort vísbendingar séu um að rýrnunin hafi minnkað eða horfið. Virðisrýrnun er bakfærð ef breyting hefur orðið á mati sem notað var við útreikning á endurheimtanlegri fjárhæð. Virðisrýrnun er einungis bakfærð að því marki að bókfært verð eignar sé ekki umfram það sem verið hefði ef engin virðisrýrnun hefði verið færð.

## Skýringar, frh.:

### 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir frh.

#### I. Tekjur

Seldar vörur og veitt þjónusta

Tekjur af sölu á vörum og þjónustu eru færðar í rekstrarreikning þegar yfirráð flytjast til kaupanda sem alla jafna er við afhendingu vara eða um leið og þjónusta er veitt.

Helstu tekjustraumar félagsins eru fjórir eins og fram kemur í skýringu 4.

Spa	Hér er einkum að ræða aðgangseyri í baðlón og þjónustu þeim tengdum.
Veitingar	Veitingasala er í og við baðlón, en auk þess er veitingarekstur á hótélum í eigu samstæðunnar
Hótel	Bláa Lónið Ísland hf. rekur tvö hótél. Kerlingarfjöll ehf. hóf rekstur hótels á árinu. Tvö ný dótturfélög, Hrauneyjar og Ferðaþjónustan Hoffell, reka bæði hótél. Tekjur þessara nýju hótela voru óveruleg á árinu.
Vörusala	Vörusala í samstæðunni er að langmestu leyti sala á húðvörum undir nafni Bláa Lónsins Skincare.

#### 4. Rekstrartekjur

	2023	2022
Spa .....	62.462.301	51.276.377
Veitingar .....	33.846.420	28.162.241
Hótel .....	22.786.658	19.886.017
Vörusala .....	14.557.317	11.425.741
Annað .....	6.353.063	820.746
Rekstrartekjur samtals .....	140.005.759	111.571.122

#### 5. Laun og launatengd gjöld

Laun .....	44.249.755	36.000.340
Lífeyrisiðgjöld .....	5.939.885	4.829.323
Tryggingagjald .....	3.411.956	2.768.312
Annar starfsmannakostnaður .....	4.578.559	3.575.933
Laun og launatengd gjöld samtals .....	58.180.155	47.173.908
Meðalfjöldi stöðgilda á árinu .....	734	589
Stöðugildi í árslok .....	723	652

Laun stjórnar og forstjóra námu samtals 1.524 þús. á árinu

#### 6. Almennur rekstrarkostnaður

	2023	2022
Rekstur fasteigna .....	4.251.162	3.164.932
Aðkeypt þjónusta .....	5.854.307	6.164.967
Markaðskostnaður .....	4.265.508	3.823.482
Upplýsingatækni .....	1.572.969	1.569.992
Annar rekstrarkostnaður .....	10.608.996	9.082.429
Samtals .....	26.552.942	23.805.802

#### 7. Fjármunatekjur

	2023	2022
Vaxtatekjur af bankainnstæðum, verðbréfum og kröfum .....	2.621.038	480.156
Gengishagnaður .....	84.841	0
Fjármunatekjur samtals .....	2.705.879	480.156

#### Fjármagnsgjöld

Vaxtagjöld af langtímalánum .....	( 5.750.633)	( 2.430.296)
Vaxtagjöld af leiguskuldu .....	( 768.420)	( 685.219)
Önnur vaxtagjöld .....	( 158.915)	( 16.925)
Gengistap .....	0	( 922.147)
Fjármagnsgjöld samtals .....	( 6.677.968)	( 4.054.587)
Gangvirðisbreytingar verðbréfa .....	( 483.205)	( 333.167)
Hreinn fjármagnskostnaður .....	( 4.455.294)	( 3.907.598)



## Skýringar, frh.:

### 8. Rekstrarfjármunir

	Fasteignir og lóðir	Aðrir rekstrar- fjármunir	Samtals
<b>Heildarverð</b>			
Heildarverð 1.1.2022 .....	303.963.765	16.218.119	320.181.884
Þýðingarmunur ársins .....	( 260.237 )	( 13.118 )	( 273.355 )
Viðbót á árinu .....	13.444.755	5.966.304	19.411.059
Selt og niðurlagt á árinu .....	( 220.378 )	( 100.388 )	( 320.766 )
Heildarverð 31.12.2022 .....	<u>316.927.905</u>	<u>22.070.917</u>	<u>338.998.822</u>
Heildarverð 1.1.2023 .....	316.927.905	22.070.917	338.998.822
Þýðingarmunur ársins .....	( 24.936 )	( 22.498 )	( 47.434 )
Viðbót á árinu .....	25.278.876	9.015.342	34.294.218
Selt og niðurlagt á árinu .....	( 184.917 )	( 2.141.058 )	( 2.325.975 )
Heildarverð 31.12.2023 .....	<u>341.996.928</u>	<u>28.922.703</u>	<u>370.919.631</u>
<b>Afskriftir</b>			
Afskrifað 1.1.2022 .....	24.789.352	8.958.072	33.747.424
Þýðingarmunur ársins .....	( 50.037 )	( 11.547 )	( 61.584 )
Afskrifað á árinu .....	7.254.511	2.880.548	10.135.059
Selt og niðurlagt á árinu .....	( 220.378 )	( 85.140 )	( 305.518 )
Afskrifað 31.12.2022 .....	<u>31.773.448</u>	<u>11.741.933</u>	<u>43.515.381</u>
Afskrifað 1.1.2023 .....	31.773.448	11.741.933	43.515.381
Þýðingarmunur ársins .....	3.010	( 7.167 )	( 4.157 )
Afskrifað á árinu .....	6.661.635	3.926.060	10.587.695
Selt og niðurlagt á árinu .....	( 101.465 )	( 2.074.903 )	( 2.176.368 )
Afskrifað 31.12.2023 .....	<u>38.336.628</u>	<u>13.585.923</u>	<u>51.922.551</u>
<b>Bókfært verð</b>			
1.1.2023 .....	<u>285.154.457</u>	<u>10.328.984</u>	<u>295.483.441</u>
31.12.2023 .....	<u>303.660.300</u>	<u>15.336.780</u>	<u>318.997.080</u>
Afskriftahlutföll .....	0-4%	15-25%	

Fasteignamat fasteigna og lóða samstæðunnar nam samtals 81,9 millj. í árslok 2023 (2022: 72,5 millj.). Á sama tíma var váttryggingaverðmæti fasteigna samstæðunnar 155,5 millj. (2022: 142,7 millj.) Váttryggingaverðmæti annarra eigna en fasteigna nam 33,5 millj. í árslok (2022: 18,7 millj.) Lausafé og byggingar félagsins eru brunatryggðar hjá váttryggingarfélagi Bláa Lónsins og því hvílir bótaskylda á Náttúruhamfaratryggingum Íslands ef til tjóns vegna náttúruhamfara kæmi.

Á árinu 2021 gerði dótturfélag í samstæðunni samning við Landsbanka Íslands um lánalínu vegna framkvæmda í Kerlingarfjöllum. Viðaukar hafa verið gerðir við samninginn og í árslok 2023 hafði félagið fulldregið á lánalínuna ásamt áföllnum vöxtum ISK 1.084 millj. kr. Samningur vegna lánalínu er til apríl 2024. Gert er ráð fyrir endurfjármögnun um mitt ár 2024 og ekki gert ráð fyrir afborgunum á árinu 2024. Til tryggingar er fasteignin Ásgarður með útgefnum tryggingarbréfum.

## Skýringar, frh.:

### 9. Leigueignir

Leigueignir samstæðunnar greinast þannig:

	Fasteignir	Lóð	Bifreiðar	Samtals
Leigueignir 1.1.2022 .....	2.619.002	3.704.557	544.105	6.867.664
Nýir leigusamningar .....	3.043.360		270.421	3.313.781
Afskriftir ársins .....	( 765.577 )	( 126.184 )	( 360.292 )	( 1.252.053 )
Þýðingarmunur .....	( 1.361 )	( 35.683 )	( 316 )	( 37.360 )
Verðbætur á árinu .....	448.124	339.303	42.322	829.749
Bókfært verð 31.12.2022 .....	5.343.548	3.881.993	496.240	9.721.781
Leigueignir 1.1.2023 .....	5.343.548	3.881.993	496.240	9.721.781
Nýir leigusamningar .....		381.391	429.658	811.049
Aðrar breytingar samninga .....		19.061	( 31.274 )	( 12.213 )
Afskriftir ársins .....	( 769.802 )	( 141.441 )	( 389.507 )	( 1.300.750 )
Þýðingarmunur .....	645	5.334	( 405 )	5.574
Verðbætur á árinu .....	380.137	202.151	42.341	624.629
Bókfært verð 31.12.2023 .....	4.954.528	4.348.489	547.053	9.850.070

Gjaldfærðar afskriftir í rekstrarreikningi ársins greinast þannig:

	2023	2022
Afskriftir rekstrarfjármuna, sbr. skýring 8 .....	10.587.695	10.135.062
Selt og niðurlagt á árinu, sbr. skýring 8 .....	149.603	0
Afskriftir leigueigna .....	1.300.750	1.252.053
	12.038.048	11.387.115

### 10. Félög í samstæðunni

Ársreikningur samstæðunnar innifelur eftirfarandi félög.

Félag	Eignarhlutur	Starfsemi
Bláa Lónið Ísland hf., Grindavík .....	99%	Bláa Lónið Ísland hf. sér um rekstur á starfsstöðvum Bláa Lónsins í Svartsengi.
Eldvörp ehf., Grindavík .....	100%	Eldvörp ehf. er fasteignafélag og á allar fasteignir í Svartsengi sem Bláa Lónið Ísland hf. og Blue Lagoon Skincare ehf. nota í rekstri sínum.
Hraunsetur ehf., Grindavík .....	100%	Hraunsetur ehf. á fjölbýlishúsið Staphólsvegur 5 í Grindavík. Í húsinu eru 24 íbúðir og eru þær eingöngu leigðar til starfsmanna Bláa Lónsins.
Jarðvangur ehf., Grindavík .....	100%	Félagið á lóð sem er á mótum Reykjanesbrautar og Grindavíkurvegur. Ekki liggur endanlega fyrir hvernig lóðin verður nýtt í framtíðinni.
Íslenskar Heilsulindir ehf., Grindavík .....	100%	Íslenskar Heilsulindir ehf. er eignarhaldsfélag um fjárfestingar í félögum sem byggja á ferðaþjónustu og afþreyingu, þar með talið rekstur baðlóna.
Rauðukambar ehf, Grindavík .....	93%	Rauðukambar ehf. vinna að uppbyggingu ferðaþjónustu í Þjórsárdal. Gert er ráð fyrir að félagið hefji rekstur á árinu 2026.

## Skýringar, frh.:

### 10. Félög í samstæðunni frh.:

Kerlingarfjöll ehf, Grindavík .....	84%	Kerlingarfjöll ehf. vinna að uppbyggingu ferðaþjónustu í Kerlingarfjöllum. Félagið hóf rekstur um mitt ár 2023.
Blue Lagoon Skincare ehf, Grindavík .....	100%	Blue Lagoon Skincare ehf. sér um framleiðslu og sölu á afurðum framleiddum úr hráefnum úr Bláa Lóninu. Félagið á þrjú erlend dótturfélög sem annast sölu og dreifingu á þessum sömu afurðum.
Blue Lagoon USA, Bandaríkjunum .....	100%	Félagið annast sölu á vörum Bláa Lónsins í Bandaríkjunum og Kanada.
Blue Lagoon NL B.V., Hollandi .....	100%	Félagið annast sölu á vörum Bláa Lónsins, einkum í Evrópu.
Blue Lagoon Skincare UK Limited, Bretlandi ....	100%	Félagið hefur ekki hafið starfsemi.
Blue Lagoon Journeys ehf., Grindavík .....	100%	Eignarhaldsfélag um þjónustumiðstöðina Reykjanes ehf.
Þjónustumiðstöðin Reykjanes ehf., Grindavík ..	80%	Félagið stendur að uppbyggingu þjónustumiðstöðvar við Reykjanesvita, áætlað er að rekstur hefjist 2024.
Ferðaþjónustan Hoffell ehf., Höfn í Hornafirði .	100%	Félagið rekur ferðaþjónustu á jörðinni Hoffelli í Öræfum.
Hrauneyjar ehf., Hella .....	100%	Félagið á og rekur tvö hótél á hálendinu.

### Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum og í öðrum félögum

Eignarhlutirnir í hlutdeildarfélögum eru í félögunum Gufa ehf. á Laugarvatni, Jarðböðin hf. við Mývatn, Norðurböðin hf. á Akureyri og Hreyfing ehf., Reykjavík. Gufa ehf. og Jarðböðin ehf. reka baðlón. Norðurböðin er eignarhaldsfélag, en Hreyfing ehf. rekur samnefnda líkamsræktarstöð í Reykjavík.

	Eignarhlutur	Áhrif hlut- deildarfélaga ársins	Bókfært verð 31.12.2023	Bókfært verð 31.12.2022
Gufa ehf., Laugarvatn .....	44,7%	29.380	1.219.877	1.182.902
Norðurböð hf., Akureyri .....	34,0%	( 28.173 )	6.118.947	6.106.292
Jarðböðin hf., Mývatn .....	25,3%	589.542	3.757.837	3.331.630
Hreyfing ehf., Reykjavík .....	22,0%	137.058	740.590	600.571
		<u>727.807</u>	<u>11.837.251</u>	<u>11.221.395</u>
Eignarhlutir í öðrum félögum: Önnur félög (fjögur) .....			<u>247.567</u>	<u>232.155</u>

### 11. Birgðir

Birgðir samanstanda af hráefnum og fullnum vörum sem keyptar hafa verið fullnar til endursölu, ásamt veitinga- og rekstrarvörulager.

#### Birgðir á árinu greinast þannig:

	31.12.2023	31.12.2022
Vörur til endursölu .....	3.647.364	2.826.573
Veitingar .....	1.379.199	1.154.336
Rekstrarvörur .....	1.214.034	1.083.911
	<u>6.240.597</u>	<u>5.064.820</u>

## Skýringar, frh.:

	31.12.2023	31.12.2022
<b>12. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur</b>		
Viðskiptakröfur .....	5.529.846	2.887.628
Niðurfærsla krafna .....	( 41.094 )	( 17.313 )
Kröfur á tengda aðila .....	56.361	65.872
Aðrar skammtímakröfur .....	5.341.083	1.056.686
Viðskiptakröfur og aðrar kröfur samtals .....	<u>10.886.196</u>	<u>3.992.873</u>
<b>Niðurfærslureikningur krafna:</b>	<b>31.12.2023</b>	<b>31.12.2022</b>
Staða í ársbyrjun .....	17.313	292.619
Afskrifaðar endanlega tapaðar kröfur á árinu .....	( 10.113 )	( 144.544 )
Gjaldfært á árinu .....	33.894	( 130.762 )
Niðurfærslureikningur í árslok .....	<u>41.094</u>	<u>17.313</u>
<b>13. Fjárfestingar tilgreindar á gangvirði</b>	<b>31.12.2023</b>	<b>31.12.2022</b>
Hlutabréf skráð í Kauphöll Íslands .....	638.671	766.099
Hlutabréf skráð á NASDAQ First North .....	255.401	290.452
Fjárfestingar tilgreindar á gangvirði samtals .....	<u>894.072</u>	<u>1.056.551</u>

## 14. Eigið fé og eiginfjárfesting

### Hlutfé

Samkvæmt samþykktum félagsins er hlutfé þess ISK 874,7,5 milljónir og er hver hlutur ein króna. Eitt atkvæði fylgir hverjum hlut í félaginu. Allt hlutfé félagsins er innborgað. Á árinu keypti félagið eigin hluti að nafnvirði ISK 7.311 þús., sjá nánar í eiginfjárfirliti.

### Bundið eigið fé

Bundið eigið fé samanstendur af yfirverðsreikningi, lögbundnum varasjóði, bundnum hlutdeildarreikningi og þýðingarmun vegna dótturfélaga og hlutdeildarfélaga.

#### *Yfirverðsreikningur innborgaðs hlutfjár*

Yfirverðsreikningur innborgaðs hlutfjár sýnir það sem hluthafar félagsins hafa greitt umfram nafnverð hlutfjár sem félagið hefur selt.

#### *Lögbundinn varasjóður*

Samkvæmt lögum um hlutfélög skal félagið binda 25% af nafnverði hlutfjár í varasjóði sem ekki má nota til að greiða hluthöfum arð.

#### *Bundinn hlutdeildarreikningur*

Bundinn hlutdeildarreikningur inniheldur hlutdeild í uppsöfnuðum hagnaði dóttur- og hlutdeildarfélaga sem er umfram úthlutaðan arð frá viðkomandi félögum. Óheimilt er að nota bundinn hlutdeildarreikning til að greiða hluthöfum arð.

#### *Gangvirðishækkun fasteigna*

Tiltekna fasteignir voru færðar upp í gangvirði þeirra á innleiðingardegi IFRS sem var 1.1.2022 og gangvirðisreikningurinn mun lækka í samræmi við afskriftir fasteignanna.

#### *Þýðingarmunur*

Þýðingarmunur samanstendur af gengismun sem verður til við þýðingu reikningsskila dótturfélaga og hlutdeildarfélaga yfir í starfsrækslugjaldmiðil félagsins.

### Óráðstafað eigið fé

Óráðstafað eigið fé er uppsafnaður óráðstafaður hagnaður og ójafnað tap samstæðunnar frá stofnun móðurfélagsins, að frádregnum arðgreiðslum og millifærslum til og frá öðrum eiginfjárliðum.

## Skýringar, frh.:

### 15. Tekjuskattsskuldbinding

Reiknaður tekjuskattur í rekstrarreikningi greinist þannig:			<b>31.12.2023</b>	<b>31.12.2022</b>
Tekjuskattur til greiðslu .....			4.972.483	0
Breyting á skatteign .....			( 162.002)	2.433.969
Tekjuskattur færður í rekstrarreikning .....			<u>4.810.481</u>	<u>2.433.969</u>
Virkt skatthlutfall:		<b>2023</b>		<b>2022</b>
Hagnaður fyrir tekjuskatt .....		23.068.421		12.940.168
Tekjuskattur m.v. skatthlutfall .....	20,0%	4.613.684	20,0%	2.588.034
Aðrar breytingar .....	0,9%	196.797	1,2%	( 154.065)
Tekjuskattur í rekstrarreikningi .....	20,9%	<u>4.810.481</u>	18,8%	<u>2.433.969</u>
Tekjuskattsskuldbinding (skatteign) greinist þannig:				
Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun .....			36.726.578	( 1.730.580)
Leiðrétt staða 1.1 2023 .....			54.443	0
Skattaleg áhrif gangvirðishækkunar .....			0	35.280.000
Reiknaður tekjuskattur færður í rekstrarreikning .....			4.810.481	3.153.969
Tekjuskattur til greiðslu .....			( 4.972.483)	0
Gengismunur .....			3.072	23.189
Tekjuskattsskuldbinding í lok tímabils .....			<u>36.622.091</u>	<u>36.726.578</u>
Tekjuskattsskuldbinding (skatteign) skiptist þannig í lok ársins:				
Rekstrarfjármunir .....			38.422.529	38.779.751
Leigusamningar .....			( 44.701)	( 49.357)
Birgðir .....			34.197	34.586
Viðskiptakröfur .....			( 201)	( 3.327)
Frestaður gengismunur .....			( 67.238)	( 118.503)
Yfirfæranlegt skattalegt tap .....			( 1.908.868)	( 2.189.955)
Niðurfærsla skatteignar .....			186.373	273.383
Tekjuskattsskuldbinding í lok tímabils .....			<u>36.622.091</u>	<u>36.726.578</u>

### 16. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir ársins greinast þannig:			<b>31.12.2023</b>	<b>31.12.2022</b>
Skuldir í EUR, meðalvextir 7,35% breytilegir .....			90.476.806	77.873.499
Á gjalddaga 2023 .....				4.828.230
Á gjalddaga 2024 .....			5.080.752	70.539.287
Á gjalddaga 2025 .....			82.209.008	87.719
Á gjalddaga 2026 .....			643.593	576.168
Á gjalddaga 2027 .....			656.882	1.842.095
Á gjalddaga 2028 .....			151.899	0
Á gjalddaga 2029 og síðar .....			1.734.672	0
			<u>90.476.806</u>	<u>77.873.499</u>
Langtímaskuldir greinast þannig í efnahagsreikningi:				
Langtímaskuldir .....			85.396.054	73.045.269
Næsta árs afborganir .....			5.080.752	4.828.230
			<u>90.476.806</u>	<u>77.873.499</u>
Breyting langtímaskulda á árinu greinist þannig:				
Langtímaskuldir í upphafi árs .....			77.873.499	82.314.091
Ný langtímalán .....			16.710.893	519.918
Afborganir .....			( 4.439.144)	( 4.566.173)
Áfallnir vextir og gengismunur .....			331.558	( 394.337)
Langtímaskuldir í lok árs .....			<u>90.476.806</u>	<u>77.873.499</u>

## Skýringar, frh.:

### 17. Leiguskuldir

Samstæðan leigir húsnæði, lóðir og bifreiðar fyrir starfsemi sína. Samningarnir eru við ýmsa aðila og eru þeir ýmist verðtryggðir eða óverðtryggðir. Samningarnir eru mislangir og eru sumir lóðarsamningar með ótilgreindan líftíma. Í þeim tilvikum er líftíminn áætlaður 50 ár en vegna núvörðingar hefði lengri samningstími ekki veruleg áhrif á mat viðkomandi samnings.

Leiguskuldir greinast þannig:	31.12.2023	31.12.2022
Leiguskuldir í ársbyrjun .....	9.615.718	6.867.664
Nýir leigusamningar .....	811.050	3.313.782
Verðbætur .....	624.629	829.750
Aðrar breytingar á leigusamningum .....	( 12.213)	0
Vaxtagjöld .....	771.549	703.212
Gengismunur .....	59.085	( 336.996)
Þýðingarmunur .....	5.434	( 39.614)
Greitt af leiguskuldum á árinu .....	( 1.801.680)	( 1.722.080)
Leiguskuldir samtals .....	10.073.572	9.615.718
Næsta árs afborgun leiguskulda .....	1.626.957	1.540.249
Langtímahluti leiguskulda .....	8.446.615	8.075.469
Leiguskuldir samtals .....	10.073.572	9.615.718

Eftirstöðvar leiguskulda greinast þannig í lok ársins:

Árið 2023 .....		1.540.249
Árið 2024 .....	1.626.957	1.249.965
Árið 2025 .....	1.380.001	1.058.723
Árið 2026 .....	1.058.976	856.139
Árið 2027 .....	919.746	779.463
Árið 2028 .....	853.178	723.392
Til greiðslu síðar .....	4.234.714	3.407.787
Samtals .....	10.073.572	9.615.718

Áhrif á leigusamninga í rekstrarreikningi greinast þannig:

	2023	2022
Vaxtagjöld á leiguskuldir .....	( 771.549)	( 703.212)
Afskrift leigueigna .....	( 1.300.750)	( 1.252.053)

### 18. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:

	2023	2022
Viðskiptaskuldir .....	4.744.438	4.650.319
Launatengd gjöld .....	4.060.502	3.852.011
Aðrar skammtímaskuldir .....	2.867.267	2.726.014
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir samtals .....	11.672.207	11.228.344

### 19. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar samstæðunnar eru þeir aðilar sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint, þar með talið hluthafar sem eiga yfir 5% hlutfjár í félaginu, hlutdeildarfélag, stjórnarmenn móðurfélagsins, forstjóri, framkvæmdastjórnar og nánir fjölskyldumeðlimir þeirra og félag í þeirra eigu.

Viðskiptastöður við tengd félag greinast þannig í lok ársins:

	2023	2022
Langtímakröfur á tengd félag .....	300.240	560.469
Skammtímakröfur á tengd félag .....	56.361	65.872

# Skýringar, frh.:

---

## 19. Tengdir aðilar frh.

Viðskipti við tengd félög á árinu greinast þannig:

Seldar vörur og þjónusta .....	71.453	123.045
Keyptar vörur og þjónusta .....	29.297	15.400

## 20. Áhættustýring

Hér eru veittar upplýsingar um áhættur, markmið, stefnu og aðferðir samstæðunnar við að meta og stýra áhættunni, auk upplýsinga um stýringu á fjármagnsskipan félagsins.

Stjórnendur greina fjárhagslegar áhættur í rekstrinum m.a. með tilliti til eftirspurnar, stöðu markaða, gjaldmiðla, lausafjárstöðu og útlána.

### Yfirlit um áhættur

Fjármálaleg áhætta

Gengisáhætta

Lánsfjárahætta

Vaxtaáhætta

Lausafjárahætta

Rekstraráhætta

### Fjármálaleg áhætta

Það er stefna stjórnar að eiginfjárstaða samstæðunnar sé sterk til að viðhalda trausti fjárfesta, lánastofnana og annarra markaðsaðila ásamt því að styðja við stöðugleika í framtíðarþróun starfseminnar. Stjórn Bláa Lónsins hf. hefur markað þá stefnu að lögð skuli áhersla á að félagið skili til hluthafa sinna, beint eða óbeint, þeim verðmætum sem skapast í rekstrinum á hverju ári, umfram nauðsynlegar fjárfestingar til vaxtar og viðhalds félagsins.

### Gengisáhætta

Breytingar á gengi gjaldmiðla hafa áhrif á rekstur samstæðunnar. Samstæðan lágmarkar gjaldmiðlaáhættu með eftirliti á gengisþróun og með samsetningu fjárskulda því tengdu. Gengisáhætta samstæðunnar myndast aðallega vegna sölu á vöru og þjónustu og kaupum á vöru og þjónustu í annarri mynt en starfrækslugjaldmiðli. Áhætta vegna breytinga á gengi gjaldmiðla eru óverulegar í rekstrinum þar sem langtímalán félagsins eru í starfrækslugjaldmiðli þess og viðskiptaskuldir í annarri mynt hafa skamman greiðslufrest.

10% styrking EUR gagnvart ISK á árinu hefði lækkað tekjur samstæðunnar um 3.530 þús. EUR.

### Lánsáhætta

Lánsáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi samstæðunnar ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar. Lánsáhætta er einkum vegna viðskiptakrafna og annarra krafna.

Lánsáhætta ræðst einkum af aldri viðskiptakrafna, fjárhagsstöðu einstakra viðskiptavina, núverandi efnahagsástandi og framtíðarhorfum. Að baki viðskiptakröfum samstæðunnar stendur fjölmennur hópur viðskiptavina en stærstu viðskiptavinirnir eru erlendir söluaðilar og innlendar ferðaskrifstofur. Ekki er talið að samstæðan sé með verulega lánsáhættu. Samstæðan myndar þrátt fyrir það almenna niðurfærslu vegna áætlaðrar virðisrýrnunar viðskiptakrafna og annarra krafna. Tíu stærstu viðskiptavinir Bláa Lónsins eiga um 44% af heildarstöðu viðskiptakrafna. Ekki er þó um að ræða sérgreinda niðurfærslu vegna þessara aðila. Verulega er dregið úr lánsáhættu félagsins með því að senda viðskiptavinum innheimtukröfur á tíu daga fresti.

Félagið hefur sett sér reglur um lánsviðskipti, þar sem leitast er við að lágmarka áhættu þar sem horft er til fjárhagsstöðu, lánsþæfismats ef við á og starfsemi einstakra viðskiptavina auk stöðu atvinnugreina stærstu viðskiptavina.

## Skýringar, frh.:

### 20. Áhættustýring frh.

#### Lánsáhætta frh.

Staða fjáreigna, annarra en við tengda aðila og markaðsverðbréfa, var eftirfarandi í lok ársins:

	2023	2022
Greiðslukortakröfur.....	398.144	178.254
Viðskiptakröfur.....	5.730.773	2.936.187
Aðrar skammtímakröfur.....	2.512.223	878.432
Handbært fé.....	14.105.418	30.817.934

Aldursgreining viðskiptakrafna og skammtímakrafna á reikningsskiladegi var þannig:

Ógjaldfallnar kröfur.....	10.549.909	3.262.687
Gjaldfallnar kröfur.....	336.287	730.186

#### Vaxtaáhætta

Vaxtaáhætta er áhættan af því að gangvirði eða framtíðarsjóðsflæði fjármálagerna muni sveiflast vegna breytinga á markaðsvöxtum. Breytingar á markaðsvöxtum hafa áhrif á vaxtatekjur og vaxtagjöld í rekstrarreikningi. Lán félagsins eru í EUR og eru með breytilegum vöxtum.

Næmnigreining á breytingum á vöxtum er gerð miðað við stöðu á fjáreignum og fjárskuldum í lok ársins. Næmnigreiningin gerir ráð fyrir að fjárhæð fjárskulda með breytilega vexti í lok ársins sé eins allt árið. Miðað við 1%-stigs vaxtabreytingu og allt annað sé óbreytt þá breytist afkoma og eigið fé um 747 þús. eftir skatta.

#### Lausafjárahætta

Lausafjárahætta er hættan á því að samstæðan geti ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar í náinni framtíð eftir því sem þær gjaldfalla. Þessari áhættu er mætt með því að gera áætlanir um greiðslur og tryggja nægjanlegt laust fé til að standa við skuldbindingarnar. Samstæðan tryggir sér lánalínur til að mæta lausafjárveiflum. Eftirfarandi tafla sýnir skuldbindingar samstæðunnar eftir gjalddögum þeirra. Taflan miðar við ónúvirtar greiðslur og að greitt sé á gjalddaga.

31.12.2022	Samtals				Eftir meira en 5 ár
	bókfært verð	Innan árs	2-3 ár	4-5 ár	
Langtímalán.....	77.873.499	4.828.230	70.627.006	2.418.263	
Skammtímalán.....	4.756.361	4.756.361			
Leiguskuldir.....	9.615.718	1.540.249	2.308.688	1.635.602	4.131.179
Viðskiptaskuldir .....	11.228.344	11.228.344			
Fyrirframinnheimtar tekjur.....	3.987.716	3.987.716			
	<u>107.461.638</u>	<u>26.340.900</u>	<u>72.935.694</u>	<u>4.053.865</u>	<u>4.131.179</u>

31.12.2023	Samtals				Eftir meira en 5 ár
	bókfært verð	Innan árs	2-3 ár	4-5 ár	
Langtímalán.....	90.476.806	5.080.752	82.852.601	2.543.453	
Skammtímalán.....	7.202.073	7.202.073			
Leiguskuldir.....	10.073.572	1.626.957	2.438.977	1.772.924	4.234.714
Viðskiptaskuldir.....	11.672.207	11.672.207			
Fyrirframinnheimtar tekjur.....	2.493.849	2.493.849			
Tekjuskattur til greiðslu.....	4.972.483	4.972.483			
	<u>126.890.990</u>	<u>33.048.321</u>	<u>85.291.578</u>	<u>4.316.377</u>	<u>4.234.714</u>



# Skýringar, frh.:

---

## 20. Áhættustýring frh.

### *Rekstraráhætta*

Rekstraráhætta er hættan á beinu og óbeinu tapi sem getur orðið vegna ýmissa þátta í starfsemi samstæðunnar. Meðal áhættuþátta er vinna starfsfólks, viðskiptalegar ákvarðanir og ytri atburðir.

Til að draga úr þessari áhættu er meðal annars viðeigandi aðskilnaður starfa og stöðug endurmenntun og fræðsla. Þá eru allar helstu viðskiptaákvarðanir teknar af stjórn eftir umfjöllun í framkvæmdastjórn félagsins. Þá er þess gætt að viðeigandi aðskilnaður starfa sé til staðar, öryggi gagna í upplýsingakerfum er gætt bæði með því að hafa viðeigandi aðgangsstýringar og að afritunartaka sé í samræmi við gæðastaðla sem félagið fer eftir. Þá gerir félagið rekstraráætlanir og mánaðarleg uppgjör kynnt fyrir stjórn og gerð grein fyrir frávikum.

Til að draga úr rekstraráhættu hefur félagið gert ýmsar ráðstafanir. Þannig er mikið og strangt eftirlit með rekstri baðlónsins í Svartsengi. Það eftirlit tekur bæði til lónsins sjálfs, svo sem hitastigs og efnasamsetningar lónsins, og einnig er öflugt eftirlit með öryggi baðgesta.

Blue Lagoon Skincare ehf. sér um framleiðslu og sölu á afurðum framleiddum úr hráefnum úr Bláa Lóninu. Félagið leggur ríka áherslu á að afurðir félagsins séu hágæðavara. Vegna þessa er viðhaldið ströngu gæðaeftirliti á öllum stigum framleiðslunnar og þess gætt að allar vörur sem frá félaginu fara séu hágæðavörur. Í gegnum vottað stjórnkerfi (ISO 9001, ISO14001, ISO45001) er rekstrinum hjá Blue Lagoon Skincare ehf. stýrt með áhættumiðaðri nálgun og innbyggðum stýringum í ferlum.

Stjórnkerfi Bláa Lónsins er vottað samkvæmt eftirfarandi stöðlum, ISO 9001 (gæðastjórnun), ISO 14001 (umhverfisstjórnun) og ISO 45001 (heilsu- og öryggisstjórnun). Þessir staðlar eru byggðir á áhættumiðaðri nálgun, þannig að áhersla er lögð á mikilvægustu þætti rekstrarins. Bláa Lónið er með bæði skrá fyrir helstu rekstraráhættu félagsins og viðskiptalegar áhættur. Rekstraráhættuskráin gefur heilstæða yfirsýn yfir helstu áhættu sem hafa áhrif á rekstur félagsins, en viðskiptalegar áhættur ná yfir áhættur tengdar ferlum og undirliggjandi verklagi í daglegum rekstri. Áhættuskrárnar eru byggðar á 5x5 áhættufylki, þar sem afleiðingar og líkindi eru metin fyrir mögulegar sviðsmyndir. Mestu áhætturnar eru með skilgreindar stýringar og félagið vinnur stöðugt að því að endurmeta þær til að draga úr áhættu. Áhættuskrárnar eru rýndar árlega af framkvæmdastjórn félagsins. Neyðaráætlanir félagsins eru í samræmi við þessar áhættuskrár og í samvinnu við viðeigandi viðbragðsaðila í nærsamfélaginu.

## 21. Önnur mál

### **Jarðhræringar**

Eins og fram kom í skýrslu stjórnar í ársreikningi fyrir árið 2022 voru töluverðar jarðhræringar á árinu 2021 og 2022 í kringum fjallið Þorbjörn í nágrenni Bláa Lónsins. Eldgos hófst við Fagradalsfjall þann 19. mars 2021 sem lauk í desember sama ár. Aftur hófst eldgos 3. ágúst 2022 á svipuðum slóðum og lauk gosinu um sjö vikum síðar. Í hvorugu gosinu stafaði hætta að byggð vegna eldgosanna og ollu þau ekki röskun á starfsemi Bláa Lónsins.

Á árinu 2023 urðu enn frekari jarðhræringar, bæði stórir jarðskjálftar og eldgos. Í nóvember reið stór jarðskjálftahrina yfir í nágrenni Bláa Lónsins. Engar skemmdir urðu á mannvirkjum Bláa Lónsins en hins vegar varð verulegt eignatjón í Grindavík og eru afleiðingar skjálftanna enn að koma fram. Tvö eldgos urðu á árinu í nágrenni Bláa Lónsins, í júlí og í desember, en bæði gosin stóðu stutt og hvorugt þeirra ógnaði byggð.

Enn gaus í nágrenninu í janúar 2024. Í því gosi rann hraun í átt til Grindavíkur og náði hrauntunga inn í bæinn og olli skemmdum á húsum.

Í febrúar 2024 gaus á ný og í þetta sinn rann hraun í átt að Svartsengi. Hraunið náði þó aldrei alla leið að Bláa Lóninu og ekki reyndi á trausta varnargarða sem búið er að reisa umhverfis Svartsengi og munu vernda alla starfsemi á svæðinu.

Í kjölfar síðustu þriggja eldgosa hefur Bláa Lóninu verið gert að leggja niður starfsemi á athafnasvæði sínu í Svartsengi en á árinu 2023 voru þetta samtals 49 dagar.

## Skýringar, frh.:

---

### 21. Önnur mál frh.

#### Jarðhræringar frh.

Á síðustu misserum hefur safnast upp mikil vitneskja um jarðfræðilega hegðun óróasvæðisins á Reykjanesi og að mati vísindamanna eru líkur á eldgosi í Svartsengi litlar sem engar. Í skýrslu sem unnin var af sérfræðingum á Veðurstofu Íslands kemur m.a. fram að jarðskorpuhella sem liggur yfir Svartsengi hafi styrkst í þeim umbrotum sem átt hafa sér stað að undanförmu og líkur á eldgosi þar því minnkað enn frekar.

Viðbragðsaðilar hafa öðlast reynslu í því að meta hættuna hverju sinni og hvernig best sé að bregðast við eldgosum og öðrum jarðhræringum á svæðinu. Eftir því sem atburðum fjölgar eru því líkur á að áhrifin á starfsemi Bláa Lónsins hverju sinni fari minnkandi.

Vegna gossins í janúar 2024 þurfti aðeins að loka í 6 daga. Í kjölfar gossins í febrúar 2024 lá starfsemi Bláa Lónsins í Svartsengi niðri í 8 daga en rekja má þann langa tíma til þess að skemmdir urðu á innviðum í nágrenninu, vegum og heitavatnsleiðslum, sem Almannavarnayfirvöld töldu mikilvægt að lagfæra áður en starfsemi hæfist að nýju.

Gera má ráð fyrir áframhaldandi jarðhræringum á Reykjanesi, hversu lengi er alls óvíst. Þá verður einnig að gera ráð fyrir frekari eldsumbrotum og að samhliða því verði röskun á starfsemi félagsins. Félagið fer að öllum tilmælum viðbragðsaðila, svo sem Almannavarna og lögreglustjórans á Suðurnesjum, með það að megin markmiði að tryggja öryggi starfsfólks og gesta Bláa Lónsins. Vonir eru þó bundnar við að komi til frekari lokana vegna eldgosa muni þær aðeins vara í fáa daga og er það ekki síst vegna varnargarðanna í Svartsengi auk þess sem reynslan fram að þessu er sú að eldgosin hafa verið fremur lítil og staðið stutt. Erfitt er að geta sér til um áhrif jarðhræringanna á rekstur Bláa Lónsins næstu misserin. Allar forvarnir hafa verið efldar til muna og m.a. unnið ítarlegt áhættumat fyrir starfseminu í Svartsengi í því skyni að verja alla starfseminu þar. Stjórnendur Bláa Lónsins eru því bjartsýnir á að jarðhræringar hafi ekki veruleg áhrif á rekstur félagsins næstu misserin, þótt útilokað sé að fullyrða um slíkt.

Eldvörp ehf., dótturfélag Bláa Lónsins, á allar fasteignir í Svartsengi sem félög innan samstæðunnar nýta. Þetta eru annars vegar fasteignir í rekstri Bláa Lónsins Íslands hf. og hins vegar ein fasteign notuð af Blue Lagoon Skincare ehf. Þessar eignir eru tryggðar hefðbundnum tryggingum og hvílir því bótaskylda á Náttúruhamfaratryggingum Íslands ef kemur til tjóns vegna náttúruhamfara. Þessar fasteignir, innréttingar sem í þeim eru og lausafjármunir eru tryggðir fyrir 159,7 millj.

Að frátöldum náttúruhamförum eru aðrar helstu ógnanir sem steðja að íslenski ferðaþjónustu, hryðjuverk, hernaðarátök, verkfallsaðgerðir eða aðrir slíkir atburðir.

#### Einkaleyfi

- Félagið hefur einkaleyfi til ársloka 2044 frá HS Orku hf. til notkunar jarðhitavökva (Bláa Lóns vökva) í Svartsengi til afþreyingar, heilsuþáttar, lækninga og einnig til framleiðslu hvers konar húð- og heilsuvara þar sem notuð eru steinefni og lífræn efni jarðhitavökvans. Greiðslur til HS Orku hf. vegna samningsins voru 601 þús. á árinu (2022: 582 þús.).
- Félagið hefur einkarétt til notkunar vörumerkjanna “Blue Lagoon” og “Bláa Lónið” í öllum vöruflokkum á Íslandi og einnig hefur myndmerki félagsins verið skráð á Íslandi og sums staðar erlendis. Félagið hefur einnig skráð vörumerkið “Blue Lagoon” í flokkum snyrtivara og lyfja á öllum helstu mörkuðum erlendis og sums staðar einnig í flokkum ferðaþjónustu og heilbrigðisþjónustu.

Félagið á einkaleyfi samþykkt í Evrópu og Bandaríkjunum á notkun blágrænþörunga í snyrtivörur og lyf (WO2007129331). Einnig á félagið samsvarandi einkaleyfi í Evrópu á notkun kísils (silica) í snyrtivörur og lyf (WO2007129330A1).

### 22. Innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla

Þetta er fyrsti ársreikningur samstæðunnar sem gerður er í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, (e. International Financial Reporting Standards, IFRS) en reikningsskilin voru áður gerð í samræmi við íslensk ársreikningalög.

Ársreikningur félagsins er gerður í samræmi við þær reikningsskilaaðferðir sem fjallað er um í skýringum um reikningsskilaaðferðir. Þetta á einnig við um samanburðarfjárhæðir fyrir árið 2022 og opnunarefnahagsreikning 1. janúar 2022, sem telst vera innleiðingardagur alþjóðlegra reikningsskilastaðla hjá félaginu.

## Skýringar, frh.:

### 22. Innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla frh.:

Við innleiðingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla eru eignir og skuldir samstæðufélaganna yfirfarnar á innleiðingardegi. Eftir því sem við á eru áður ófærðar eignir og / eða skuldir færðar í efnahagsreikning en eignir sem ekki uppfylla skráningarskilyrði alþjóðlegra reikningsskilastaðla eru færðar úr efnahagsreikningi. Mótbókun við skráningu eða afskráningu eigna og skulda er almennt færð á óráðstafað eigið fé, að teknu tilliti til áhrifa á frestaðan tekjuskatt eftir því sem við á.

Óefnislegar eignir er viðskiptavild sem orðið hefur til við fjárfestingar í dótturfélögum. Í fyrri reikningsskilum félagsins var viðskiptavildin afskrifuð á tíu árum. Samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum má ekki afskrifa viðskiptavild línulega heldur ber að virðismeta hana árlega, en oftar ef vísbendingar eru um að verðmæti hennar hafi lækkað niður fyrir bókfært verð. Við innleiðingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla var afskrift viðskiptavildar á árinu 2022 bakfærð og jafnframt var viðskiptavildin virðismetin. Niðurstaða þess mats var að á innleiðingardegi hélst viðskiptavildin óbreytt.

Eftirfarandi umfjöllun og töflur sýna helstu áhrif innleiðingar alþjóðlegra reikningsskilastaðla á reikningsskil samstæðunnar. Auk þess sem þar kemur fram hefur skýringum verið bætt við ársreikninginn eftir því sem við á enda gera staðlarnir ítarlegri kröfur um upplýsingagjöf en ársreikningalög.

#### **Yfirlit um helstu breytingar við innleiðingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla**

##### *Leigusamningar*

Samstæðan er leigutaki að fasteignum, lóðum og bílum. Samningarnir voru áður flokkaðir sem rekstrarleigusamningar samkvæmt ársreikningalögum og þeir því ekki færðir í efnahagsreikning. Í samræmi við kröfur alþjóðlegra reikningsskilastaðalsins IFRS 16 Leigusamningar færði samstæðan leigusamningana til skuldar í efnahagsreikning á innleiðingardegi. Samstæðan metur leiguskuld út frá framtíðarleigugreiðslum frá upptökudegi staðalsins, 1.1.2022 og leigueign færð jöfn leiguskuld á upptökudegi. Hvorki afskrift né vaxtakostnaður er reiknaður frá upphafsdegi samninga fram að upptökudegi staðalsins og því hefur aðferðin engin áhrif á eigið fé við upptöku. Leigueignirnar eru afskrifaðar á áætluðum leigutíma en leigugreiðslum er skipt í vaxtagjalda- og afborgunarhluta. Á innleiðingardegi voru 6.868 þús færðar sem leiguskuld og sama fjárhæð færð sem leigueign. Nánari upplýsingar um leigusamninga samstæðunnar er að finna í skýringu nr. 1.h.

##### *Gangvirðishækkun*

Félagið nýtti sér heimild í IFRS 1 að ákvarða bókfært verð tiltekinna fastafjármuna og færa á gangvirði þeirra á innleiðingardegi. Bókfært verð þeirra eigna var í ársbyrjun 2022 73,9 millj. og nam hækkunin 180 millj. Á móti hækkar bundinn eiginfjárreikningur en skattáhrif eru færð á tekjuskattsskuldbindingu.

##### *Tekjuskattsáhrif*

Við innleiðingu IFRS er eftir því sem við á tekið tillit til áhrifa breytinga efnahagsliða á frestaðan tekjuskatt. Á innleiðingardegi eru engin tekjuskattsáhrif.

#### **Breytingar á eigin fé frá fyrri reikningsskilaðferðum til alþjóðlegra reikningsskilastaðla**

##### *Breytingar á eigin fé í ársbyrjun 2022 vegna innleiðingar IFRS reikningsskilastaðla:*

	<b>Eigið fé</b>
Eigið fé samkvæmt áður birtum ársreikningi (ársreikningalög) 31. desember 2021 .....	54.540.534
Innleiðing á IFRS 16 Leigueignir .....	6.867.664
Gangvirðishækkun fasteignar að frádregnum afskriftum .....	180.000.000
Breyting á skattskuldbindingu .....	( 36.000.000)
Innleiðing á IFRS 16 Leiguskuldir .....	( 6.867.664)
Eigið fé 1. janúar 2022 samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum .....	198.540.534

##### *Breytingar á eigin fé á árinu 2022 vegna innleiðingar IFRS reikningsskilastaðla:*

	<b>Eigið fé</b>
Eigið fé samkvæmt áður birtum ársreikningi (ársreikningalög) 31. desember 2022 .....	74.260.814
Innleiðing á IFRS 16 Leigusamningar .....	103.810
Gangvirðishækkun fasteigna að frádregnum afskriftum .....	176.400.000
Breyting á virðismati á viðskiptavild dóttur- og hlutdeildarfélaganna .....	( 247.451)
Breyting á skattskuldbindingu .....	( 35.230.643)
Þýðingarmunur .....	17.231
Eigið fé 31. desember 2022 samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum .....	215.303.761

# Skýringar, frh.:

## Áhrif innleiðingar IFRS á efnahagsreikning samstæðunnar 1.1.2022

Eignir	Fyrri reikningsskil 1.1.2022	Mats- breyting	Breyting á heiti eða framsetningu	Alþjóðlegir reiknings- skilastaðlar 1.1.2022
Óefnislegar eignir .....	557.387			557.387
Rekstrarfjármunir .....	103.121.480	180.000.000	3.312.980	286.434.460
Leigueign .....		6.867.664		6.867.664
Framkvæmdakostnaður .....	3.312.980		( 3.312.980)	0
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum og öðrum félögum .....	4.888.202			4.888.202
Langtímakrafa og kröfur á tengda aðila .....	1.038.233			1.038.233
Skatteign .....	1.730.580			1.730.580
Fastafjármunir samtals	114.648.862	186.867.664		301.516.526
Birgðir .....	3.903.819			3.903.819
Viðskiptakröfur og skammtímakröfur .....	2.815.249			2.815.249
Fjárfestingar tilgreindar á gangvirði .....	1.775.272			1.775.272
Handbært fé .....	23.688.006			23.688.006
Veltufjármunir samtals	32.182.346			32.182.346
<b>Eignir samtals</b>	<b>146.831.208</b>	<b>186.867.664</b>		<b>333.698.872</b>
<b>Eigið fé</b>				
Hlutfé .....	5.258.600			5.258.600
Bundið eigið fé .....	13.962.019			13.962.019
Gangvirðishækkun fasteigna .....		144.000.000		144.000.000
Óráðstafað eigið fé .....	30.504.425			30.504.425
Eigið fé hluthafa móðurfélags .....	49.725.044	144.000.000		193.725.044
Hlutdeild minnihluta .....	4.815.490			4.815.490
Eigið fé samtals	54.540.534	144.000.000		198.540.534
<b>Langtímaskuldir</b>				
Langtímaskuldir .....	77.629.129			77.629.129
Tekjuskattsskuldbinding .....		36.000.000		36.000.000
Leiguskuldir .....		5.327.415		5.327.415
Langtímaskuldir samtals	77.629.129	41.327.415		118.956.544
<b>Skammtímaskuldir</b>				
Skammtímalán .....	0			0
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	4.684.962			4.684.962
Leiguskuldir .....		1.540.249		1.540.249
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir .....	9.976.583			9.976.583
	14.661.545	1.540.249		16.201.794
Eigið fé og skuldir samtals	146.831.208	186.867.664		333.698.872

## Skýringar, frh.:

### Áhrif innleiðingar IFRS á rekstrarreikning samstæðunnar á árinu 2022

	Fyrri reikningsskil 2022	Mats- breyting	Breyting á heiti eða framsetningu	Alþjóðlegir reiknings- skilastaðlar 2022
Rekstrartekjur .....	111.571.122			111.571.122
	111.571.122			111.571.122
<b>Rekstrargjöld</b>				
Vörunotkun .....	12.791.442			12.791.442
Laun og launatengd gjöld .....	47.173.908			47.173.908
Annar rekstrarkostnaður .....	25.527.881	( 1.722.079)		23.805.802
	85.493.231	( 1.722.079)		83.771.152
Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði .....	26.077.891	1.722.079		27.799.970
Afskriftir .....	( 6.620.332)	( 4.766.783)		( 11.387.115)
Rekstrahagnaður .....	19.457.559	( 3.044.704)		16.412.855
Fjármunatekjur .....	480.156			480.156
Fjármagnsgjöld .....	( 3.688.371)	( 366.216)		( 4.054.587)
Gangvirðisbreytingar verðbréfa .....	( 333.167)			( 333.167)
Hreinn fjármagnskostnaður .....	( 3.541.382)	( 366.216)		( 3.907.598)
Áhrif hlutdeildarfélaganna .....	767.632	( 332.721)		434.911
Hagnaður fyrir tekjuskatt .....	16.683.809	( 3.743.641)		12.940.168
Tekjuskattur .....	( 3.203.326)	769.357		( 2.433.969)
Hagnaður ársins .....	13.480.483	( 2.974.284)		10.506.199
<b>Skipting taps:</b>				
Hluthafar móðurfélags .....	13.331.415	( 2.875.304)		10.456.111
Hluthafar minnihluta .....	149.068	( 98.980)		50.088
	13.480.483	( 2.974.284)		10.506.199

# Stjórnarháttayfirlýsing

## Umgjörð um stjórnarhætti

Stjórn Bláa Lónsins hf. leggur ríka áherslu á að innleiða og viðhalda góðum stjórnarháttum. Stjórnarhættir félagsins eru markaðir af lögum nr. 2/1995 um hlutafélög, samþykktum félagsins og starfsreglum stjórnar. Löggin eru aðgengileg á vef Alþingis, [www.althingi.is](http://www.althingi.is) og samþykktir félagsins hvoru tveggja á vefsíðu félagsins [www.bluelagoon.com/is](http://www.bluelagoon.com/is) og hjá fyrirtækjaskrá. Gildandi starfsreglur voru samþykktar af stjórn 12. mars 2024. Starfsreglurnar eru settar skv. 5. mgr. 70. gr. laga um hlutafélög og 18. gr. samþykka félagsins. Þar er m.a. mælt fyrir um verkaskiptingu stjórnar, hlutverk stjórnarformanns, boðun stjórnarfundu, upplýsingagjöf gagnvart stjórn og fundargerðir, um hæfi stjórnarmanna til þátttöku í afgreiðslu mála, starfshætti stjórnar, samskipti stjórnar við hluthafa, undirnefndir stjórnar, árlegt árangursmat stjórnar og um trúnaðar- og þagnarskyldu stjórnarmanna. Starfsreglurnar eru aðgengilegar á vefsíðu félagsins [www.bluelagoon.com/is](http://www.bluelagoon.com/is).

Bláa Lónið hf. fylgir jafnframt Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja, 6. útgáfu 2021, gefnum út af Viðskiptaráði Íslands, NASDAQ Iceland og Samtökum atvinnulífsins. Leiðbeiningarnar má finna á vefsíðunni [www.leidbeiningar.is](http://www.leidbeiningar.is).

Starfskjarastefna var samþykkt fyrir félagið á stofnfundi þess 25. ágúst 2023, en hún nær til allra helstu þátta í starfs- og launakjörum stjórnarmanna félagsins, forstjóra og annarra æðstu stjórnenda samstæðunnar. Endurskoðuð starfskjarastefna verður lögð fyrir næsta aðalfund félagsins sem fyrirhugaður er 5. apríl 2024.

Stjórnendur greina og meta fjárhagslegar áhættur í rekstri félagsins. Er þar meðal annars litið til eftirspurnar, stöðu markaða, gjaldmiðla, lausafjárstöðu og útlána.

Breytingar á gengi gjaldmiðla og vaxtabreytingar hafa áhrif á rekstur félagsins. Félagið lágmarkar gjaldmiðlaáhættu með eftirliti með gengisþróun og með samsetningu fjárskulda því tengdu. Vaxtaáhætta tengist sveiflum vegna breytinga á markaðsvöxtum sem hefur áhrif á framtíðarsjóðflæði. Gengisáhætta félagsins myndast aðallega vegna sölu á vöru og þjónustu og kaupum á vöru og þjónustu í annarri mynt en starfrækslugjaldmiðli. Áhætta vegna breytinga á gengi gjaldmiðla og vaxta eru óverulega í rekstrinum þar sem langtímalán félagsins eru í starfsrækslugjaldmiðli þess og viðskiptaskuldir í annarri mynt hafa skamman greiðslufrest.

Lausafjáraáhætta er áhættan sem felst í tapi sem félagið getur orðið fyrir ef það getur ekki staðið við skuldbindingar sínar innan tilskilinna gjaldfresta. Fylgst er með lausafjástöðu með greiningu á gjalddögum fjáreigna og fjárskulda.

Útlánaáhætta félagsins felst í því að mótaðilar félagsins geti ekki staðið við skuldbindingar sínar. Félagið fylgist með útlánaáhættu sinni með stöðugu eftirliti með aldursgreiningu krafna auk þess sem sérstök skoðun er framkvæmd á nýjum viðskiptavinum áður en viðskipti hefjast. Viðskiptakröfur eru að mestu með stuttum greiðslufresti sem dregur úr áhættunni.

Í uppgjörferli félagsins er leitast við að hafa verkaskiptingu með þeim hætti að ávallt komi tveir aðilar að helstu afstemmingum og ákvörðunum sem þeim tengjast. Framkvæmdastjórnar einstakra sviða koma að ákvörðunum er lúta að þeirra ábyrgðarsviði. Með þessu fyrirkomulagi er haft eftirlit með öllum helstu verkþáttum er lúta að uppgjörum hjá félaginu.

Æðsta vald í málefnum félagsins er í höndum hluthafa þess, sem hittast á hluthafafundum að minnsta kosti einu sinni á ári. Aðalfundur félagsins skal haldinn fyrir lok júnímánaðar ár hvert og aukafundi eftir ákvörðun stjórnar eða að kröfu kjörinna endurskoðenda eða hluthafa sem ráða a.m.k. einum tíunda hluta hlutafjár í félaginu. Hluthafafundir eru jafnframt vettvangur samskipta á milli hluthafa og stjórnar félagsins. Hlutabréf félagsins eru rafræn og skráð hjá Nasdaq verðbréfamiðstöð, sem jafnframt hýsir hlutaskrána. Hlutaskráin er aðgengileg hluthöfum á skrifstofu félagsins. Fundargerðir hluthafafunda eru aðgengilegar hluthöfum hjá félaginu til samræmis við ákvæði 90. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög.

## Stjórnarháttayfirlýsing, frh.:

---

### Stjórn og stjórnarhættir

Stjórn félagsins fer með æðsta vald í málefnum félagsins milli hluthafafunda. Stjórnin tekur ákvarðanir í öllum málum sem telja verður óvenjuleg eða mikilsháttar, bæði hvað varðar stefnu félagsins og fjárhagsmálefni þess. Stjórnin hefur eftirlit með daglegum rekstri félagsins og fylgist með því að virkt kerfi innra eftirlits sé ávallt til staðar. Stjórnin skilgreinir árlega mikilvægustu verkefni sína, markmið og stefnu félagsins og gerir starfsáætlun um störf sín. Stjórnarmenn eru sjálfstæðir í störfum sínum og taka ekki við fyrirmælum frá hluthöfum félagsins eða öðrum hagsmunaaðilum. Stjórnarformaður félagsins hefur auknu hlutverki að gegna sem kveðið er á um í starfsreglum fyrir stjórn Bláa Lónsins hf. og miðað er við að hann sinni í samræmi við Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja.

Stjórn Bláa Lónsins hf. skal samkvæmt samþykktum félagsins skipuð fimm til sjö mönnum. Stjórnina skipa nú sjö og í henni eru fjórir karlar og þrjár konur. Félagið uppfyllir því skilyrði 63. gr. hlutafélagalaga um kynjahlutföll í stjórn.

Í stjórn félagsins eru:

#### Úlfar Steindórsson, stjórnarformaður

Úlfar er fæddur 1956. Hann er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands og með MBA gráðu frá Virginia Commonwealth University, Richmond, Virginíu. Úlfar hefur átt sæti í stjórn eða varastjórn Bláa Lónsins hf. frá árinu 1999 og verið stjórnarformaður félagsins frá árinu 2018.

Úlfar starfar í dag sem forstjóri Toyota á Íslandi ehf. Áður starfaði hann sem stjórnandi í ýmsum fyrirtækjum, t.a.m. P. Samúelssyni ehf., Vinnslustöðinni hf., Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins og SÍF á Spáni.

Úlfar hefur viðtæka reynslu af stjórnarstörfum og situr í dag m.a. í stjórnnum tengdum starfsemi Toyota á Íslandi ehf., ss. TK bíla ehf. Hann situr jafnframt í stjórn Fagkaupa ehf. Áður átti Úlfar m.a. sæti í stjórnnum Icelandair Group hf., Kraftvéla ehf., Íslandsbanka hf. og Primex ehf.

Úlfar á óbeint 0,47% eignarhlut í Bláa Lóninu hf. í gegnum eignarhald sitt á Jú ehf. Hann hefur ekki hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila, samkeppnisaðila eða stóra hluthafa í skilningi leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja.

#### Anna G. Sverrisdóttir, meðstjórnandi

Anna er fædd árið 1950. Anna er rekstrarfræðingur að mennt frá Foretaksökonum frá Tronheims ökonomiske faghögskole (nú hluti af NTNU), auk þess sem hún er viðurkenndur stjórnarmaður af Akademias. Hún hefur setið í stjórn Bláa Lónsins hf. frá árinu 2019.

Hún starfar í dag sem ráðgjafi. Hún hefur starfað sem fjármála- eða framkvæmdastjóri ýmissa fyrirtækja síðastliðin 40 ár, einkum í ferðaþjónustu. Anna hefur setið í allmörgum stjórnnum og nefndum m.a. í stjórn Samtaka ferðaþjónustunnar, Útflutningsráði og Lífeyrissjóði Verzlunarmanna. Í dag er hún varaformaður í stjórn Brims hf. og er í stjórn Hreyfingar ehf.

Anna er eigandi ríflega 0,53% eignarhluta í Bláa Lóninu hf. óbeint í gegnum eignarhald sitt á AGMOS ehf. Hún hefur ekki hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila, samkeppnisaðila eða stóra hluthafa í skilningi leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja.

#### Ágústa Johnson, meðstjórnandi

Ágústa er fædd árið 1963. Hún er með B.Sc.-gráðu í íþrótt- og tómstundafræði frá University of Colorado Boulder, ásamt diplómagráðu í stjórnun og leiðtogahæfni frá Háskólanum í Reykjavík. Hún hefur átt sæti í stjórn Bláa Lónsins hf. frá árinu 2017.

Ágústa starfar í dag sem framkvæmdastjóri Hreyfingar ehf. Hún hefur yfir 35 ára reynslu af atvinnurekstri og stjórnun fyrirtækja. Árið 1986 stofnaði hún heilsuræktina Eróbíkk-Stúdíó, sem sameinaðist heilsuræktinni Mætti undir merkjum Hreyfingar ehf. árið 2008. Ágústa sat í stjórn Viðskiptaráðs Íslands á árunum 2018-2022.

Ágústa á óbeint tæp 2,4% eignarhlut í Bláa Lóninu hf. í gegnum Bogmanninn ehf. Þá er Hreyfing ehf. tengd Bláa Lóninu hf. með þeim hætti að Ágústa telst háður stjórnarmaður í skilningi leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja.

## Stjórnarháttayfirlýsing, frh.:

---

### Stjórn og stjórnarhættir frh.

#### Jón Sigurðsson, meðstjórnandi

Jón er fæddur árið 1978. Hann er með B.Sc. gráðu í viðskiptafræði frá Háskólanum í Reykjavík. Hann hefur átt sæti í stjórn Bláa Lónsins hf. frá árinu 2023.

Jón starfar í dag sem forstjóri Stoða hf. Jón hefur mikla reynslu af stjórnarstörfum og situr í dag m.a. í stjórnnum félaga tengdum starfsemi Stoða hf. og Bláa Lónsins hf. Þá situr hann jafnframt m.a. í stjórn Símans hf., Bjargar Invest ehf. og Straumness ehf.

Jón gegnir stöðu forstjóra Stoða hf. sem ræður yfir 7,26% eignarhlut í Bláa Lóninu hf. Jón á óbeint 0,9% eignarhlut í Bláa Lóninu hf. í gegnum eignarhlut sinn í Stoðum hf. Hann telst því háður stjórnarmaður í skilningi leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja.

#### Ragnar Guðmundsson, meðstjórnandi

Ragnar er fæddur árið 1982. Hann er með Mag.jur. gráðu í lögfræði frá Háskóla Íslands og hlaut árið 2009 málflytninguréttindi fyrir héraðsdómstólum. Ragnar útskrifaðist auk þess með MBA-gráðu frá IESE Business School árið 2016. Hann hefur átt sæti í stjórn Bláa Lónsins hf. frá árinu 2019.

Ragnar starfaði á árunum 2008-2014 hjá ADVEL lögmönnum, í upphafi sem fulltrúi en síðar sem eigandi og faglegur framkvæmdastjóri. Árið 2016 gegndi Ragnar starfi forstöðumanns á skatta- og lögfræðisviði Deloitte. Þaðan fluttist hann til SKR lögfræðipjónustu þar sem hann var eigandi frá 2016-2019. Frá árinu 2019 hefur Ragnar starfað sem lögmaður og eigandi hjá ADVEL lögmönnum.

Ragnar hefur mikla reynslu af stjórnarstörfum og situr í dag í stjórnnum félaganna ADVEL ehf., 50skills ehf., Ninos ehf. og Stekkjarhvamms ehf., ásamt því að vera varamaður í stjórn fjölda annarra félaga.

Ragnar er ekki hluthafi í Bláa Lóninu hf. Þá hefur hann ekki hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila, samkeppnisaðila eða stóra hluthafa í skilningi leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja.

#### Erla Ósk Ásgeirsdóttir, meðstjórnandi

Erla er fædd árið 1977. Hún er með BA gráðu í stjórnmálafræði, ásamt MPA gráðu í opinberri stjórnsýslu frá Háskóla Íslands. Auk þess hefur hún lokið námi í ferðamálafræði frá Ferðamálafræðisviði Háskóla Íslands. Hún hefur átt sæti í stjórn Bláa Lónsins hf. frá árinu 2023.

Í dag starfar Erla sem framkvæmdastjóri sjálfbærni og menningar hjá Símanum hf. Hún hefur mikla reynslu af stjórnarstörfum og situr í stjórnnum Íslenska lífeyrissjóðsins og Útflutnings- og markaðsráðs, auk þess að vera varamaður í stjórn Íslandsstofu. Áður átti Erla m.a. sæti í stjórnnum Félagsstofnunar stúdenta, Landssamtaka lífeyrissjóða og Ferðamálaráðs.

Erla er ekki hluthafi í Bláa Lóninu hf. Þá hefur hún ekki hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila, samkeppnisaðila eða stóra hluthafa í skilningi leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja.

#### Steinar Helgason, meðstjórnandi

Steinar er fæddur árið 1969. Hann er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands og er auk þess með próf í verðbréfavíðskiptum. Hann hefur átt sæti í stjórn Bláa Lónsins hf. frá árinu 2017.

Í dag starfar Steinar sem sjóðstjóri í sérhæfðum fjárfestingum hjá Landsbréfum. Áður starfaði hann við reikningshald og endurskoðun, auk starfa tengdum fjármálum og fjárfestingum í yfir 20 ár.

Steinar hefur viðamikla reynslu af stjórnarstörfum og er í dag framkvæmdastjóri Horns III slhf. og Horns IV slhf. Þá er hann stjórnarformaður Hópbíla hf., stjórnarmaður Hvaleyrar hf., Hagvagna ehf., Líflands ehf., Nesbú egg ehf., First Water hf. og Airport Associates hf.

Steinar er ekki hluthafi í Bláa Lóninu hf. Hann gegnir stöðu framkvæmdastjóra hjá félaginu Landsbréf -Hvatning slhf. sem ræður yfir meira en 10% af heildarhlutfé í Bláa Lóninu hf. Hann telst því háður stjórnarmaður í skilningi leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja.



## Stjórnarháttayfirlýsing, frh.:

---

### Stjórn og stjórnarhættir frh.

Stjórnarmenn hafa lagt fram upplýsingar um trúnaðarstörf fyrir aðra aðila, stjórnarsetu í öðrum félögum, eignarhluti í félaginu, beint eða í gegnum tengda aðila og möguleg hagsmunatengsl eða önnur tengsl, til að auðvelda mat á hæfi þeirra.

Stjórn félagsins fundar að jafnaði mánaðarlega. Frá stofnun félagsins í ágúst 2023 hafa verið haldnir 6 stjórnarfundir. Meirihluti stjórnar hefur mætt á alla stjórnarfundir.

Félagið hefur ekki sett sér formlega stefnu um fjölbreytileika í tengslum við skipan stjórnar, framkvæmdastjórnar eða æðstu stjórnenda, umfram það sem mælt er fyrir um í lögum og í samþykktum félagsins um sem jafnast hlutfall beggja kynja í stjórn þess. Félagið hefur hins vegar í framkvæmd um langt árabil lagt áherslu á að stjórn og stjórnendur þess séu jafnt af báðum kynjum, á breiðu aldursbili og hafi fjölbættan bakgrunn menntunar og reynslu, þekkingar og færni.

### Undirnefndir stjórnar

Tvær undirnefndir stjórnar eru starfræktar, endurskoðunarnefnd og starfskjaranefnd. Þá fyrri skipa H. Ágúst Jóhannesson, löggiltur endurkoðandi, Steinar Helgason, stjórnarmaður, Ragnar Guðmundsson, stjórnarmaður og Anna G. Sverrisdóttir, stjórnarmaður, auk þess sem Helgi Júlíusson, fjármálastjóri og Garðar G. Gíslason, lögmaður félagsins, sitja alla fundir nefndarinnar. Starfskjaranefnd skipa Úlfar Steindórsson, stjórnarmaður og Jón Sigurðsson, stjórnarmaður, en fundir starfskjaranefndar hafa einnig setið Grímur Sæmundsen forstjóri félagsins og Garðar G. Gíslason, lögmaður félagsins.

### Samskipti stjórnar og hluthafa

Samkvæmt starfsreglum fyrir stjórn Bláa Lónsins hf. skulu allir hluthafar hafa sama aðgang að upplýsingum um málefni félagsins. Bein samskipti hluthafa við stjórn skulu fara í gegnum stjórnarformann, en upplýsa ber stjórn um allar tillögur, spurningar eða athugasemdir hluthafa utan hluthafafundar til stjórnar og hefur stjórnin yfirumsjón með viðbrögðum félagsins við þeim.

### Árangursmat stjórnar

Samkvæmt uppfærðum starfsreglum fyrir stjórn félagsins skal stjórn félagsins árlega meta störf sín, stærð, samsætningu, verklag og starfshætti, svo og störf undirnefnda stjórnar. Við matið skal meðal annars skoða hvort mikilvæg málefni félagsins séu nægilega vel undirbúin og rædd í stjórn. Niðurstöður árangursmats ber að nota til að bæta störf stjórnar. Þá skal stjórnin árlega leggja mat á störf forstjóra og rekstur félagsins í heild. Ekki var framkvæmt árangursmat stjórnar vegna starfsársins.

### Framkvæmdastjórn

Forstjóri félagsins ber ábyrgð á daglegum rekstri félagsins og fylgir í því sambandi stefnu og fyrirmælum stjórnar. Forstjóri veitir stjórnarmönnum reglulega nákvæmar upplýsingar um fjármál, uppbyggingu og rekstur félagsins svo þeir geti sinnt störfum sínum.

**Grímur Sæmundsen**, fæddur 1955, er stofnandi Bláa Lónsins hf. og hefur verið forstjóri félagsins frá upphafi. Hann er með cand. med. gráðu í læknisfræði frá Háskóla Ísland og hefur lokið sérfræðinámi í íþróttalækningum frá London Hospital Medical College. Grímur á sæti í stjórnnum allmargra félaga innan samstæðu Bláa Lónsins hf. Grímur á beint (75%) og óbeint í gegnum Ördú ehf. (25%), alla (100%) eignarhluta í Kólfi ehf., sem á alla (100%) eignarhluta í Hvatningu hf., sem á 24,85% eignarhluta í Bláa Lóninu hf.

Ásamt Grími er æðsta stjórn daglegs rekstrar félagsins í höndum eftirtalinna einstaklinga, sem hvert og eitt ber ábyrgð á tilteknu ábyrgðarsviði gagnvart forstjóra:

## Stjórnarháttayfirlýsing, frh.:

---

### Framkvæmdastjórn, frh.,

**Ása Brynjólfssdóttir**, fædd 1967, er með M.Sc. gráðu í lyfjafræði frá Háskóla Íslands. Ása gegnir stöðu framkvæmdastjóra rannsóknar- og þróunarsviðs hjá Bláa Lóninu hf., en hún hefur starfað hjá félaginu frá árinu 1993.

**Helgi Júlíusson**, fæddur 1970, er með C.Sc. gráðu í byggingarverkfræði frá Háskóla Íslands, með M.Sc. gráðu í rekstrarverkfræði frá Technical University of Denmark (DTU) og með MBA gráðu frá Cranfield School of Management, auk þess sem hann er með próf í verðbréfavíðskiptum. Helgi tók við stöðu framkvæmdastjóra fjármála-, fasteigna- og innkaupasviðs þann 1. febrúar 2022. Hann var áður framkvæmdastjóri framtakssjóðsins Icelandic Tourism Fund. Þar á undan var Helgi forstjóri Pennans og starfaði um árabíl við fyrirtækjaráðgjöf hjá Kaupþingi.

**Helga Árnadóttir**, fædd 1971, er með B.Sc. gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands og með MS gráðu í fjármálum frá Háskólanum í Reykjavík. Helga gegnir stöðu framkvæmdastjóra sölu-, rekstrar- og þjónustusviðs. Hún hóf störf hjá félaginu árið 2018. Helga gegndi áður stöðu framkvæmdastjóra Samtaka ferðaþjónustunnar (2013-2018) og þar áður stöðu fjármálastjóra og síðar framkvæmdastjóra VR. Áratuginn þar á undan starfaði Helga hjá Icelandair í ýmsum stjórnunarstöðum m.a. sem sölu- og markaðsstjóri á íslenska sölusvæði félagsins.

**Sigrún Halldórsdóttir**, fædd 1980, er með B.Sc. gráðu í rekstrarverkfræði frá Háskólanum í Reykjavík og MS gráðu í mannauðsstjórnun frá Háskóla Íslands. Sigrún gegnir stöðu framkvæmdastjóra mannauðs-, menningar- og öryggissviðs og hefur starfað hjá félaginu frá 1. apríl 2016. Hún gegndi áður hlutverki ráðgjafa fyrir hin ýmsu félög á sviði rekstrar- og mannauðsmála (2010-2016) þar á undan starfaði hún hjá fyrirtækinu Miðbaugur ehf (2002-2010) þar sem hún sinnti hinum ýmsu störfum.

**Sigurður Long**, fæddur 1977, er með B.Sc. gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands og M.Sc. gráðu í IT frá ITU í Danmörku. Sigurður gegnir stöðu framkvæmdastjóra upplýsingatækni og stafrænnar þróunar og hefur starfað hjá félaginu frá 15. október 2019. Hann gegndi áður stöðum framkvæmdastjóra upplýsingatæknisviðs Olíuverzlunar Íslands hf. (2018-2019), forstöðumanns upplýsingatæknisviðs Olíuverzlunar Íslands hf. (2014-2018), forstöðumanns viðskiptalausna hjá Össur hf. (2010-2014) og ráðgjafa, hópstjóra og síðar fagstjóra hjá Maritech ehf., síðar Wise ehf. (2001-2010).

**Sigurður Þorsteinsson**, fæddur 1965, er með BA gráðu og diplómu gráðu í Iðnhönnun (Industrial Design) frá Istituto Europeo di Design, IED í Mílanó. Sigurður gegnir stöðu framkvæmdastjóra branding, markaðsmála og viðskiptaþróunar (CDBO) hjá félaginu. Hann hefur rekið eigið fyrirtæki á sviði hönnunar, branding og nýsköpunar, Design Group Italia I.D., S.r.l., í Mílanó á Ítalíu sl. 28 ár. Á þeim vettvangi og samhliða því hefur Sigurður starfað fyrir Bláa Lónið hf. að hönnun, branding, markaðssetningu, upplifunarhönnun allt frá árinu 1997 og nánast einvörðungu sl. fjögur ár. Samhliða sölu á fyrrgreindu fyrirtæki sínu á Ítalíu hóf Sigurður störf sem framkvæmdastjóri hjá Bláa Lóninu hf. í fullu starfi frá og með 1. nóvember 2022.

Forstjóri og æðstu stjórnendur hafa lagt fram persónulegar upplýsingar, svo sem um trúnaðarstörf fyrir aðra aðila, stjórnarsetu í öðrum félögum, eignarhluti í félaginu, beint eða í gegnum tengda aðila og möguleg hagsmunatengsl eða önnur tengsl, til að auðvelda mat á hæfi þeirra. Forstjóri og æðstu stjórnendur teljast vera helstu viðskiptaaðilum og samkeppnisaðilum félagsins óháðir, en eiga flestir hluti í félaginu með óbeinum hætti. Hvorki forstjóri né aðrir æðstu stjórnendur eru með kaupréttarsamninga við félagið.

### Tilnefningarnefnd

Ekki er starfrækt sérstök tilnefningarnefnd í félaginu. Samsetning hlutafjäreignar í félaginu er með þeim hætti að lang stærstur hluti hlutafjár er í eigu tveggja hluthafa sem í raun fara með ákvörðunarvald um stjórnarskipan í félaginu.

### Dómar og úrskurðir

Hvorki dómstólar né eftirlits- eða úrskurðaraðilar hafa á árinu fellt dóma eða úrskurði um að félagið hafi brotið gegn lögum eða reglum í starfsemi sinni né er kunnugt um slík brot.

Stjórnarháttayfirlýsing þessi hefur verið sett saman af stjórn Bláa Lónsins hf. eftir bestu vitund. Henni er ætlað að veita greinargóðar upplýsingar um stjórnarhætti félagsins til viðskiptavina, hluthafa, eftirlitsaðila og annarra hlutaðeigandi.

# Ófjárhagslegar upplýsingar

---

## Samfélagsábyrgð Bláa Lónsins

Bláa Lónið hf. er umhugað um samfélagsábyrgð sína og leggur ríka áherslu á umhverfislega, félagslega og efnahagslega hagsæld samfélagsins. Fyrirtækið vinnur að stöðugum umbótum á ári hverju í þessum málaflokkum bæði innan og utan veggja fyrirtækisins.

Stjórnkerfi félagsins er vottað samkvæmt kröfum alþjóðlegu stjórnunarstaðlanna ISO 9001 (gæðastjórnun), ISO 14001 (umhverfisstjórnun) og ISO 45001 (heilsu- og öryggisstjórnun) af BSI á Íslandi (British Standards Institution). BSI vottar rekstur Bláa Lónsins einnig samkvæmt kröfum Vakans og nær til ferðaþjónustu með böð og heilsulindir, veitingarekstur og rekstur hótela. Retreat Hotel er vottað 5-stjörnu superior og Silica Hotel er vottað 4-stjörnu superior. Umhverfisstjórnunarkerfið ber einnig gullmerki Vakans. Blue Lagoon Skincare ehf. (BLS) hefur haldið ISO 9001 vottun síðan 2017 og árið 2020 voru hrávörur þeirra einnig vottaðar sem COSMOS APPROVED og 4 vörur fengu COSMOS NATURAL vottun.

Bláa Lónið hefur sett sér jafnréttisáætlun og skýra stefnu og verklag gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi. Fræðsla um viðbrögð við mútum og spillingu hefur einnig verið bætt inn í rafrænt fræðsluefni fyrirtækisins. Fyrirtækið lauk jafnlaunavottun á árinu í samræmi við ÍST85 og hefur verið vottað síðan 2018. Persónuverndarstefna og vefkökustefna er til staðar í rekstri til að tryggja rétta meðhöndlun persónurekjanlegra gagna og fræðsluefni til starfsmanna um slíka meðhöndlun gefið út.

Samfélagsábyrgð Bláa Lónsins byggir á gildum þess: „We Care, We Respect, We Bring Joy, We Inspire og We Create Memories“. Gildin eru samofin menningu fyrirtækisins og rekstri þess þvert á deildir, ásamt því að falla fullkomlega að meginstoðum samfélagsábyrgðar: efnahags-, umhverfis- og samfélagsleg áhrif. Árið 2023 hlaut Bláa Lónið í Svartsengi og Blue Lagoon Skincare B Corp vottun og er nú eitt af tveim fyrirtækjum á Íslandi með þá vottun. Til að öðlast B Corp vottun þarf staðfestingu frá B Lab um félagið uppfylli háar kröfur um félagslegan og umhverfislegan árangur, gagnsæi og ábyrgð. B Lab er sjálfseignarstofnun með áherslu á að umbreyta hagkerfi heimsins til að gagnast öllu fólki, samfélögum og náttúrunni. Með þessu viljum við vera góð fyrirmynd annarra í ferðaþjónustu á Íslandi og styður við ferðalag okkar í átt að aukinni sjálfbærni.

Umfram þessa greinagerð gefur Bláa Lónið út sjálfbærnisráðgjafarskýrslu fyrir árið 2023. Í þeirri skýrslu verður farið í meiri greiningavinnu á nálgun félagsins að sjálfbærni og skýrslan gefin út í samræmi við kröfur GRI og nýjum CSRD kröfum ESRS frá Evrópusambandinu.

Bláa Lónið og dótturfélög þess uppfylla ávallt allar lagalegar kröfur á Íslandi og hefur sett sér stefnur í kringum megin málefni félagsins. Rýni og hlítning krafna fer fram árlega til að fylgja eftir lagalegri skyldu félagsins, þar sem sannanir eru skráðar fyrir hlítningu og farið er í umbætur ef þess gerist þörf. Þetta ferli er tekið út af óháðum úttektaraðila árlega. Engin tilfelli um mútur, spillingu né samkeppnishamlandi starfsemi voru skráð árið 2023.

## Umhverfi

### Umhverfisstefna Bláa Lónsins

Sjálfbær tengsl manns og náttúru er hornsteinn hugmyndafræði Bláa Lónsins og það sækir innblástur í kjörorð Auðlindagarðsins: samfélag án sóunar. Út frá því hafa fjöldinn allur af umbótaverkefnum sprottið sem ýta undir samfélagslegan vöxt í sátt við náttúruna í eftirfarandi flokkum:

### Sjálfbærni

Við sýnum náttúruauðlindum okkar virðingu með því að nýta þær með skilvirkum hætti og draga úr sóun jafnt í framleiðslu sem þjónustu. Með því að leita stöðugt nýrra leiða til að fullnýta náttúrulega auðlindastrauma jarðvarma bætum við upplifun viðskiptavinarins og mótum nýjar vörur. Með því að vernda og rannsaka hið náttúrulega vistkerfi Bláa Lónsins og viðhalda jafnvægi þess með vísindalegri nálgun stöndum við vörð um friðhelgi hins viðkvæma umhverfis okkar og hvetjum gesti okkar til að gera slíkt hið sama.

## Ófjárhagslegar upplýsingar, frh.:

### Umhverfisstefna Bláa Lónsins frh.

#### Kolefnisjöfnun

Með þekkingu aukum við skilning okkar á einstakri náttúru Bláa Lónsins og áhrif okkar á umhverfið. Við bjóðum viðskiptavinum okkar kolefnishlutlausu upplifun í Bláa Lóninu og allri okkar þjónustu. Við jöfnum út alla losun koltvísyrings og hlutleysum þannig áhrif okkar á loftslagsbreytingar og bjóðum gestum okkar upp á raunverulega sjálfbærar vörur, þjónustu og upplifun. Við leitum stöðugt nýrra leiða til að draga úr kolefnisspori okkar og auka sjálfbærni.

#### Plastlaus upplifun

Við drögum úr umhverfisáhrifum okkar með því að endurvinna og lágmarka sóun. Við stefnum á að bjóða viðskiptavinum okkar plastlausu upplifun, með útlökun á einnota plasti og notkun margnota eða umhverfisvænna umbúða og hráefna.

Við uppfyllum ávallt lagalegar kröfur og vinnum að stöðugum umbótum.

#### Losun gróðurhúsalofttegunda

Bláa Lónið vinnur stöðugt í að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í sínum rekstri. Árið 2019 var gerður samningur við Kolvið varðandi plöntun trjáa til að kolefnisjafna rekstur fyrirtækisins, þar með talin losun vegna raforku, varmaorku, eldsneytisnotkunar, kælimiðla, gasnotkunar, losunar vegna úrgangs, flugferða starfsfólks, rútuferða starfsfólks og flutning á vörum félagsins frá vöruhúsum erlendis heim að dyrum viðskiptavinar. Samdráttur var í losun árin 2020 og 2021 vegna rekstrarfyrirkomulags og lokana tengdum heimsfaraldrinum. Aukin losun gróðurhúsalofttegunda árið 2023 má fyrst og fremst rekja til fjölgun rekstrareininga inn í kolefnisbókhaldið, með tilkomu Kerlingarfjalla og framkvæmda í Þjórsárdal. Einnig breytti Umhverfisstofnun losunarstuðlum fyrir heitt vatn og rafmagn. Áður var allt talið inn í raforkunotkun en nú hefur því verið skipt að nýju eftir raforkunotkun og varmaorkunotkun. Af þessum sökum hefur losun aukist á milli ára og einnig losun á hvern gest og í samanburði við veltu.

	2020	2021	2022	2023
Umfang 1* – Notkun eldsneytis, gass og kælimiðla .....	494	493	524	650
Umfang 2* – Raforka og hiti .....	41	48	60	199
Umfang 3* - Annað .....	139	102	454	556
Losun umfang 1&2 á gest - kg CO <sub>2</sub> eq /gest .....	2,3	1,4	0,72	0,89
Losun umfang 1&2 á veltu – gCO <sub>2</sub> eq/€ .....	16,3	11,3	5,2	6
Kolefnisjöfnun* .....	783	643	1.038	1.391
Fjöldi plantaðra trjáa .....	7.830	6.430	10.380	13.910

\**tonn CO<sub>2</sub>eq*

#### Raforkunotkun

Dregið var úr raforkunotkun árin 2020 og 2021 samanborið við fyrri ár eða um þriðjung miðað við árin þar á undan. Þessa lækkun má rekja til samdráttar í rekstri vegna COVID-19. Raforkunotkun á hvern gest hækkar á móti töluvert því byggingar og búnaður þarf ávallt að vera rekinn á lágmarks raforku þó enginn gestur sé í húsi. Hækkun árið 2022 er bein afleiðing af fjölgun gesta og aukning árið 2023 var vegna tilkomu nýrra rekstrareininga inn í bókhaldið en notkun á hvern gest hefur haldist nokkuð jafnt síðustu 2 ár.

	2020	2021	2022	2023
Rafmagn .....	4.163.432	4.509.743	5.837.915	6.791.187
Rafmagn á gest .....	17,7	11,4	7,2	7,3

kWh

## Ófjárhagslegar upplýsingar, frh.:

### Vatnsnotkun

Árin 2020 og 2021 varð samdráttur í notkun á heitu vatni og jarðsjó í rekstri Bláa Lónsins samhliða fækkun gesta vegna heimsfaraldurs. Lækkunin er þó hlutfallslega misjöfn eftir grunnþörfum bygginga og kerfa. Til að mynda eykst heitt vatn á hvern gest mest, þar sem kynda þurfti líka tómar byggingar. Vatnsnotkun jókst árið 2022 í samræmi við fjölgun gesta og aukning árið 2023 var vegna tilkomu nýrra rekstrareining inn í bókhaldið en notkun á heitu vatni á hvern gest hefur haldist nokkuð stöðugt síðustu 2 ár. Notkun jarðsjávar hefur minnkað á milli ári sem má rekja til lokana og bættrar nýtingar í jarðsjávarkerfinu.

	2020	2021	2022	2023
Heitt vatn .....	280.492	274.679	292.679	323.859
Heitt vatn á gest .....	1,2	0,70	0,36	0,35
Jarðsjór .....	2.194.837	1.844.411	2.517.195	2.018.466
Jarðsjór á gest .....	9,34	4,68	3,08	2,16
m3				

### Auðlindir og úrgangsmál

Unnið er stöðugt í að bæta úrgangsmál fyrirtækisins í átt að hringrásarhagkerfi, með áherslu á að draga úr magni úrgangs og að fjölnýta eða auka endurvinnslu í rekstri. Heildarmagn úrgangs dróst saman á COVID tímabilinu eins og gefur að skilja í ljósi aðstæðna en hlutfall endurunnins úrgangs jókst á síðasta ári. Heildarmagn úrgangs á hvern gest 2023 var sá sami og árið 2022 og 57% heildarúrgangs var flokkað og endurunnið, sem er mjög jákvætt miðað við aukin gestafjölda og viðskipti á árinu.

	2020	2021	2022	2023
Prentpappír (A4 blöð) .....	103.000	57.500	155.000	132.500
Prentpappír á hverja 1000 gesti .....	438	146	190	142
Kvittanir (rúllur) .....	1.070	720	1.998	2.590
Rúllur á hverja 1000 gesti .....	4,6	1,8	2,4	2,8
Heildarúrgangur (tonn) .....	222	256	553	634
Úrgangur – gr. á hvern gest .....	945	650	678	679
Úrgangur – gr. / veltu í € .....				
Endurvinnsluhlutfall .....	32%	35%	57%	57%

### Sjálfbærni í rekstri

Bláa Lónið starfar innan Reykjanes UNESCO Global Geopark og er hluti af Auðlindagarðinum sem varð til í kringum nýtingu auðlindastrauma frá jarðhitasvæðum á Reykjanesi. Bláa Lónið nýtir jarðsjó, gufu, koltvísýring, raforku, heitt og kalt vatn frá HS Orku í Svartsengi og er einstakt dæmi um fjölnýtingu og fullnýtingu auðlindastrauma frá jarðvarmavirkjun. Þannig skapar fyrirtækið aukin verðmæti úr náttúruauðlindum í einstakar upplifanir og hágæða vörur.

### Samfélag

Starfsfólk Bláa Lónsins er dýrmætasta auðlind fyrirtækisins. Bláa Lónið vinnur markvisst að því að tryggja jafnrétti meðal starfsfólks síns og hefur markað sér jafnréttisáætlun með það að leiðarljósi að hver einstaklingur sé metin á eigin forsendum óháð kyni, kynþætti eða öðrum órökstuddum viðmiðum. Öll kyn hafa sömu tækifæri til að sækja um laus störf hjá fyrirtækinu og hafa jafna möguleika á stjórnunarstörfum. Eins er lögð áhersla á að allt starfsfólk hafi jafnan aðgang að starfsþjálfun og starfsþróun.

### Launajafnræði kynjanna

Bláa Lónið hefur staðist jafnlaunavottun samkvæmt jafnlaunastaðlinum ÍST 85 síðan árið 2018. Það er fyrirtækinu afar mikilvægt að samræmi sé þvert á svið og deildir þegar kemur að launa- og kjaraákvörðunum og að öll kyn fái sambærileg laun, kjör og réttindi fyrir sambærileg eða jafnverðmæt störf.

## Ófjárhagslegar upplýsingar, frh.:

### Launajafnræði kynjanna frh.


Greiningartólið Pay Analytics var tekið í notkun á vormánuðum 2023. Með því er hægt að mæla leiðréttan og óleiðréttan launamun með notkun línulegrar aðhvarfsgreiningar. Í aðdraganda jafnlaunaúttektar er framkvæmd árleg launagreining til að mæla launamun kynjanna.

Bláa Lónið fór í gegnum úttekt á jafnlaunakerfinu í maí 2023 og stóðst úttektina án fráviks og athugasemda. Niðurstaða launagreiningarinnar var sú að kynbundinn launamunur hjá Bláa Lóninu er 0,7% körlum í vil. Skýringarhlutfallið var 95,2% sem gefur sterklega til kynna að þær breytur sem lagðar eru til grundvallar við launaákvörðanir skýra raunverulega launamyndun í fyrirtækinu

	2020	2021	2022	2023
Launamunur kynjanna .....	1,7%	1,5%	0,6%	0,7%
Skýringarhlutfall .....	94,9%	96,5%	96,2%	95,2%

### Kynjaskipting

Bláa Lónið leggur áherslu á jafnræði og fjölbreytni í öllum starfaflokkum fyrirtækisins.



### Samfélagið

Bláa Lónið styður við samfélagið með því að styrkja mörg fjölbreytt verkefni sem snúa að bættri vellíðan, íþróttaiðkun, menningartengdum viðburðum og verndun náttúrunnar. Á árinu 2023 veitti Bláa Lónið 219.563.192 krónur í styrki til samfélagsins eða um 1% af veltu félagsins, þar með talið lækningameðferðir við sórasis, meðferðargestum og ríkinu að kostnaðarlausu. Fyrirtækið vinnur með fulltrúum samfélagsins og fyrirtækja á Reykjanesi á margvíslegum vettvangi í að auka sjálfbærni og efla hringrásarhagkerfið á svæðinu í samræmi við heimsmarkmið Sameinuðu Þjóðanna.

### Mannauður

Þjálfun og fræðsla starfsfólks er lykilþáttur í velgengni Bláa Lónsins. Skýr fræðsluáætlun gefur öllu starfsfólki jöfn tækifæri til að bæta hæfni sína og auka þekkingu í starfi. Rafrænt fræðslukerfi, Eloomi, eykur sveigjanleika og aðgengi starfsfólks að ítarlegri fræðsluefni og styður við stöðugar umbætur í fræðslumálum og starfsþróun. Bláa Lónið leggur ríka áherslu á heilsusamlegar og öruggar vinnuaðstæður síns starfsfólks. Öryggisnefnd innan fyrirtækisins vinnur stöðugt að því að tryggja heilsu og öryggi alls starfsfólks. Því er fylgt eftir með atvikaskráningakerfi, viðhaldskerfi, öryggisvaktstöð og útkallskerfi í neyðartilfellum. Atvik sem koma upp eru rýnd reglulega og viðeigandi breytingar settar í ferli til að lágmarka áhættu og tryggja að sambærileg atvik endurtaki sig ekki. Allir ferlar og verklag er kortlagt og áhættumetið til að tryggja að starfsfólk þekki áhættur og nauðsynlegar stýringar í sínu starfi. Áhættuskráin er síðan nýtt til að kortleggja hæstu áhættur á athafnasvæði Bláa Lónsins og meta hvaða aðgerðir þarf að fara í til að lágmarka heildaráhættumat rekstursins. Þannig næst með stöðugum umbótum að auka öryggi gesta og starfsfólks, bæta heilsu þeirra og vernda umhverfið frá ári til árs.

## Ófjárhagslegar upplýsingar, frh.:

---

### Regluverkið – EU Taxonomy

Reglugerð (ESB) 2020/852 („flokunarreglugerðin“) tók gildi 12. júlí 2020 innan ESB en fékk lagagildi á Íslandi þann 1. júní 2023, Lög um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar. Lykilmarkmið reglugerðarinnar er að stýra fjármagnsflæði í átt að sjálfbærum fjárfestingakostum og tryggja gegnsæi á fjármálamörkuðum. Til að ná þessu var innleitt flokkunarkerfi fyrir sjálfbæra atvinnustarfsemi, EU Taxonomy. Þar er lögð áhersla á 6 umhverfismarkmið: mótvægi við loftslagsbreytingum, aðlögun að loftslagsbreytingum, vatns- og sjávarauðlindir, hringrásarhagkerfi, mengun og líffræðileg fjölbreytni og vistkerfi. Fyrir ársreikning 2023 er einungis lögð áhersla á að íslensk fyrirtæki upplýsi um fyrstu tvö umhverfismarkmiðin.

Svo starfsemi geti talist umhverfislega sjálfbær þarf hún að stuðla verulega að einu eða fleiri af þessum sex umhverfismarkmiðum. Jafnframt má starfsemin ekki valda umtalsverðu tjóni á öðrum umhverfismarkmiðum. Starfsemin þarf einnig að uppfylla tæknileg matsviðmið samkvæmt flokkunarreglugerðinni og lágmarksverndarráðstafanir. Framlag fyrirtækja til markmiðanna er mælt sem hlutfall af veltu, fjárfestingarútgjöldum og rekstrarkostnaði.

### Hæf starfsemi Bláa Lónsins hf.

Við yfirferð á tæknilegum matsviðmiðum sem tengjast útgefnum umhverfismarkmiðum flokkunarreglugerðarinnar, mótvægi við loftslagsbreytingar og aðlögun að loftslagsbreytingum, var hluti starfssemi Bláa Lónsins og dótturfélaga gjaldgeng í að vera umhverfislega sjálfbær. Öll gjaldgeng starfssemi getur stuðst við fyrsta umhverfismarkmiðið, mótvægi við loftslagsbreytingar, og má sjá í neðangreindum töflum.

### Gjaldgeng starfssemi

#### Skoðun á verulegu framlagi

Til að starfssemi teljist umhverfislega sjálfbær og þar með uppfyllir kröfur flokkunarreglugerðarinnar þarf hún að vera verulegt framlag umhverfismarkmiðs og valda ekki verulegu tjóni annarra umhverfismarkmiða, auk þess að uppfylla lágmarks verndarráðstafanir. Fyrirtækið er í greiningu á gjaldgengri starfssemi, ásamt stefnum og ferlum fyrirtækisins til að geta verið fullviss um að þessum kröfum sé mætt.

Eftirfarandi starfssemi Bláa Lónsins hf. er gjaldgeng:

#### 1.1. Nýskógrækt

Vorið 2022 voru gróðursett 122.000 tré í landi Skriðufells í Þjórsárdal í samstarfi við Skógarkolefni. Þetta samsvarar 46 hekturum og er staðsett stutt frá uppbyggingu á nýju upplifunarsvæði félagsins í Þjórsárdal. Megin kostnaðurinn var greiddur árið 2022 en smá auka kostnaður var skráður 2023. Skógræktarverkefnið fylgir aðferðafræði og stöðlum Skógarkolefnis sem var borin saman við kröfur flokkunarreglugerðarinnar og getur talist uppfylla kröfur tæknilegu matsviðmiðanna þegar kemur að verulegu framlagi þó staðfestingu á því vanti.

#### 4.16 Uppsetning og starfræksla rafmagnsvarmadæla

Félagið rekur fjölda kælieininga fyrir veitingarstaði þess og á síðasta ári var fjárfest í stórum nýjum umhverfisvænni kæliklefa í vöruhúsi félagsins í Grindavík fyrir lagervörur. Klefinn var sértaklega einangraður frá gólfi við uppsetningu til að bæta orkunýttni og kælimiðillinn er koldíoxýð með GWP upp á 1.

#### 5.2 Endurnýjun vatnsöflunar-, vatnshreinsi- og vatnsveitukerfa

Farið var í stórt umbótaverkefni á jarðsjávarkerfinu til að tryggja flæði jarðsjávar frá baðlónum aftur í sprungu og til uppruna síns. Með breytingunum var rafknúnum dælum fækkað úr tveimur í eina og sú var endurnýjuð í flæðistillta dælu til að bæta stýringu á flæði jarðsjávar. Með þessu varð orkuþörf dælubúnaðar minnkuð um meira en helming.

## Ófjárhagslegar upplýsingar, frh.:

---

### Verulegt framlag frh.

#### 6.15 Grunnvirki sem gera flutninga á vegum og almenningsamgöngur með litla losun kolefna möguleg

Bláa Lónið hefur verið að endurbæta og fjölga hleðslustæðum fyrir bæði gesti og starfsfólk félagsins. Þörfin fyrir hleðslustæði er stöðugt vöktuð og þeim fjölgað í samræmi við hana.

#### 7.5 Uppsetning, viðhald og viðgerðir á búnaði og tækjum til mælinga, stýringar og eftirlits með orkunýtingu bygginga

Farið var í veigamiklar umbætur og viðhald á hitastýringarkerfi félagsins og varmaskiptum þess til að bæta nýtni og áreiðanleika kerfisins.

### Að valda ekki verulegu tjóni

#### Aðlögun að loftslagsbreytingum

Bláa Lónið er með vottað stjórnkerfi byggt á áhættumiðaðri nálgun í samræmi við ISO9001 - Gæðastjórnunarkerfi, ISO14001 – Umhverfisstjórnunarkerfi og ISO45001 – Heilsu- og öryggisstjórnunarkerfi. Félagið heldur utan um heilstætt áhættumat fyrir allan rekstur þess og þar með taldar áhættur sem afleiðing loftslagsbreytinga tengdar veðurfari og aðgengi að auðlindum í virðiskeðju þess. Inn í áhættuskránni hafa verið skilgreindar sviðsmyndir sem hafa verið áhættumetnar út frá 5x5 áhættufylki ásamt viðeigandi stýringum og tækifærum til umbóta. Skógarkolefni hefur einnig framkvæmt áhættumat í samræmi við kröfur flokkunarreglugerðarinnar fyrir skógræktina í Þjórsárdal.

### Vatns- og sjávarauðlindir

Viðmið fyrir sjálfbæra notkun og verndun vatns- og sjávarauðlinda tengjast Vatnatilskipun ESB þar sem álag á vatnsauðlindir skal vera greint. Bláa Lónið í Svartsengi fær allt sitt vatn frá HS Veitum og HS orka vaktar nýtingu vatnsauðlinda í Svartsengi og tryggja sjálfbærni hennar í samræmi við kröfur heilbrigðisyfirvalda. Félagið vinnur markvisst í að fjölnýta jarðsjóinn innan veggja félagsins, t.d. í framleiðslu á hráefnum í vörur félagsins og til böðunar. Að lokum er jarðsjónum skilað aftur til uppruna síns. Bláa Lónið í Svartsengi er ekki í samkeppni við aðra um aðrar vatnsauðlindir á svæðinu. Starfsemi félagsins í Kerlingarfjöllum og Rauðkömbum í Þjórsárdal nýtir sínar eigin vatnsborholur sem ganga ekki inn á nýtingarrétt annarra, né hefur frárennsli þess veruleg áhrif á umhverfið og er í fullu samráði við viðeigandi heilbrigðisyfirvöld á svæðinu.

### Hringrásarhagkerfi

Umhverfisstjórnunarkerfi Bláa Lónsins er vottað samkvæmt ISO14001 og ein af megin áherslum félagsins er að stuðla að hringrásarhagkerfinu og leitast alla leiða til að lágmarka myndun úrgangs, endurnýta það sem hægt er eða finna leiðir til endurvinnslu. Visthringur jarðsjávar er gott dæmi um fjölnýtingu auðlindar til að skapa aukið verðmæti úr náttúruauðlindum. Í umhverfisstefnu og innkaupastefnu félagsins er lögð sérstök áhersla á að kaupa umhverfisvænar vörur með hámarks orkunýtni eins og kostur er. Félagið leggur mikla áherslu á flokkun á meðal starfsfólks og skilar inn yfir 10 mismunandi úrgangsflokka. Hreinir plaststraumar eru sendir í endurvinnslu til Pure North í Hveragerði.

### Mengun

Félagið veldur ekki umtalsverðu tjóni þegar kemur að mengunarvörnum og eftirliti með mengun hvað varðar dælubúnað, kælikerfi, hleðslustöðvar og nýskógrækt. Við val á búnaði er sérstaklega horft til þess að lágmarkshætta sé á einhverskonar leka frá búnaðinu og að hljóðstig sé sem lægst. Enda myndi efnaleki eða hljóðmengun eyðileggja upplifun viðskiptavina félagsins. Á framkvæmdartímum á þessi krafa einnig við en þess ber að geta að athafnarsvæði félagsins er ekki staðsett í návist íbúðarbyggðar eða annarra viðkvæmra hagaðila. Varnarefni eru ekki notuð í íslenskri skógrækt og Skógarkolefni fylgir íslenskum lögum í sinni skógrækt og notkun áburðar og annarra efna.



## Ófjárhagslegar upplýsingar, frh.:

---

### Að valda ekki verulegu tjóni frh.

#### Líffræðileg fjölbreytni og vistkerfi

Hvort sem um er að ræða athafnarsvæði í rekstri eða á framkvæmdartíma þá er mikil áhersla lögð á verndun náttúrulegra vistkerfa á svæðinu. Það er eitt af þeim þáttum sem laðar viðskiptavinum til félagsins. Markvisst er unnið í því að lágmarka rask viðskiptavina á nærliggjandi gróður með hönnun og útfærslu gönguleiða og merkinga um verndun svæðisins fyrir komandi kynslóðir. Skógarkolefni fylgja kröfum flokkunarreglugerðarinnar og félagið valdi einungis samsetningu skógar í samræmi við það umhverfi sem hann var gróðursettur í. Félagið uppfyllir ávallt lög og reglugerðir, bæði á framkvæmdartíma og í rekstri, og heldur utanum öll tilskilin leyfi.

#### Lágmarksverndarráðstafanir

Eitt af skilyrðum flokkunarreglugerðarinnar er að atvinnustarfsemi verði að vera stunduð í samræmi við lágmarksverndarráðstafanir sem fram koma í 18. gr. reglugerðarinnar til að teljast umhverfislega sjálfbær. Þá þarf starfsemi félagsins að vera í samræmi við viðmiðunarreglur Efnahags- og framfarastofnunarinnar og leiðbeinandi meginreglur Sameinuðu þjóðanna um viðskipti og mannréttindi.

Leiðarljós Bláa Lónsins er: Uppspretta vellíðunar í sátt við umhverfi og samfélag (e. Wellbeing for People and Planet). Þetta endurspeglast í allri starfsemi félagsins, stefnumótun þess og gildum. Félagið fylgir íslenskum lögum og þar á meðal vinnulöggjöf sem tekur mið af Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Árið 2023 fékk félagið B Corp vottun sem leggur áherslur á velferð og réttindi starfsfólks, viðskiptavina og samfélagsins í heild. Þessi vottun styður félagið jafnframt í því að bæta stöðugt áherslur sínar í þessum málaflokkum ásamt fleirum í átt að aukinni sjálfbærni. Fyrirtækið er í vinnu við að yfirfara stefnur og ferla fyrirtækisins í mannréttindamálum, samkeppnismálum, spillingu og múturmálum, og skattamálum til að sjá til þess að kröfum lágmarksverndarráðstafana séu uppfylltar.

#### Lykilmælikvarðar

Félagið er enn að vinna að innleiðingu flokkunarreglugerðarinnar og því geta upplýsingar tekið breytingum eftir því sem ferlið skýrist betur og skráning kostnaðar er flokkaður að nýjum reglum. Í ljósi þess var ákveðið að skrá alla hæfa atvinnustarfsemi í flokk A2 þar til frekari gögn liggja fyrir og meta aðra atvinnustarfsemi og sérstaklega kjarnastarfsemi félagsins út frá þeim umhverfismarkmiðum sem á eftir að innleiða inn í íslensk lög.

#### Velta

Engin veltuskapandi starfssemi fyrirtækisins er gjaldgeng eins og er. Nánari upplýsingar um hlutfallslega skiptingu má finna í viðeigandi töflu: ESB Flokkunarreglugerð – Velta.

Varðandi fjárfestingagjöld, sem eru skilgreind í 8. Grein viðkomandi reglugerðar, innihalda þau útgjöld sem tengjast bæði efnislegum og óefnislegum eignum fyrir árið fyrir frádrátt afskrifta, afskrifta vegna niðurskráningar og endurmats, að frádregnum breytingum á bókfærðu verði. Tengd fjárfestingagjöld við starfsemi sem uppfyllir flokkunarskilyrði námu 0,7%. Til viðbótar eru nánari upplýsingar veittar í töflu: ESB Flokkunarreglugerð - Fjárfestingagjöld.

Um rekstrargjöld gildir að reglugerðin skilgreinir þau á þrengri hátt en hefðbundið er í bókhaldi. Rekstrargjöld taka til beins kostnaðar sem ekki er bókfært sem eign og tengist þættum á borð við þróun og rannsóknir, aðgerðir tengdar endurnýjun bygginga, skammtímaleigu, viðhald og viðgerðir, ásamt öðrum beinum útgjöldum sem tengjast daglegu viðhaldi varanlegra rekstrarfjármuna fyrirtækisins. Þessi gjöld teljast að 2,6% til starfsemi sem hægt er að flokka. Fyrir frekari upplýsingar, sjá viðeigandi töflu: ESB Flokkunarreglugerð - Rekstrargjöld.

## ESB Flokkunarreglugerð – Velta

### Hlutfall veltu frá afurðum eða þjónustu í tengslum við atvinnustarfsemi sem fellur að flokkunarkerfinu – birting upplýsinga sem ná yfir árið 2023

Atvinnustarfsemi	Númer	Heildarvelta	Hlutfall veltu	Viðmið fyrir verulegt framlag		Viðmið fyrir verulegt tjón („Veldur ekki verulegu tjóni“)						Lágmarks verndarráðstafanir	Hlutfall veltu sem fellur að flokkunarkerfinu, árið 2023	Hlutfall veltu sem fellur að flokkunarkerfinu, árið 2022	Flokkur (starfsemi sem gerir amarrí starfsemi kleift að stöðla að umhverfismarkaðbúun	Flokkur - "(umþreytingarstarfsemi)"	
				Mótvegi við loftslagsbreytingar	Aðlögun að loftslagsbreytingum	Mótvegi við loftslagsbreytingar	Aðlögun að loftslagsbreytingum	Vatns- og sjávarauðlindir	Hringrásarhagkerfi	Mengun	Liffræðileg fjölbreytni og vistkerfi						J/N
<b>A. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR YFIR</b>																	
<b>A.1. Umhverfissjálfbær starfsemi (sem fellur að flokkunarkerfinu)</b>																	
Velta frá umhverfissjálfbærri starfsemi (sem fellur að flokkunarkerfinu) (A.1)			- 0,0%														
<b>A.2 Starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (starfsemi sem fellur ekki að flokkunarkerfinu)</b>																	
Velta frá starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (starfsemi sem fellur ekki að flokkunarkerfinu) (A.2)			- 0,0%														
<b>Alls (A.1+A.2)</b>			- 0,0%														
<b>B STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR EKKI YFIR</b>																	
Velta frá starfsemi sem flokkunarkerfið nær ekki yfir (B)		140.005.489	100,0%														
<b>Alls (A+B)</b>		140.005.489	100%														

## ESB Flokkunarreglugerð - Fjárfestingargjöld.

### Hlutfall fjárfestingargjalda frá afurðum eða þjónustu í tengslum við atvinnustarfsemi sem fellur að flokkunarkerfinu – birting upplýsinga sem ná yfir árið 2023

Atvinnustarfsemi	Númer	Fjárfestingargjöld alls €	Hlutfall fjárfestingargjalda %	Viðmið fyrir verulegt framlag		Viðmið fyrir verulegt tjón („Veldur ekki verulegu tjóni“)							Lágmarks verndarráðstafanir J/N	Hlutfall fjárfestingargjalda sem falla að flokkunarkerfinu, árið 2023 %	Hlutfall fjárfestingargjalda sem falla að flokkunarkerfinu, árið 2022 %	Flokkur (starfsemi sem gerir annarri starfsemi kleift að stuðla að umhverfismarkmiðum) E	Flokkur "(umbreytingarstarfsemi)" T
				Mótvegi við loftslagsbreytingar %	Aðlögun að loftslagsbreytingum %	Mótvegi við loftslagsbreytingar J/N	Aðlögun að loftslagsbreytingum J/N	Vatns- og sjávarauðindir J/N	Hringrásarhagkerfi J/N	Mengun J/N	Líffræðileg fjölbreytni og vistkerfi J/N						
<b>A. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR YFIR</b>																	
<b>A.1. Umhverfissjálfbær starfsemi (sem fellur að flokkunarkerfinu)</b>																	
Fjárfestingargjöld starfsemi sem er umhverfissjálfbær (sem fellur að flokkunarkerfinu) (A.1)		-	0,0%														
<b>A.2 Starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (starfsemi sem fellur ekki að flokkunarkerfinu)</b>																	
Nýskógrækt	1.1	3.889	0,0%	0,0%													
Grunnvirki sem gera flutninga á vegum og almenningssamgöngur með litla losun kolefna möguleg	6.15	22.172	0,1%	0,1%													
<u>Uppsetning og starfræksla rafmagnsvarmadæla</u>	4.16	180.279	0,6%	0,6%													
Fjárfestingargjöld starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (starfsemi sem fellur ekki að flokkunarkerfinu) (A.2)		206.340	0,7%	0,7%													
<b>Alls (A.1+A.2)</b>		206.340	0,7%	0,7%													
<b>B STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR EKKI YFIR</b>																	
Velta frá starfsemi sem flokkunarkerfið nær ekki yfir (B)		31.493.623	99,3%														
<b>Alls (A+B)</b>		31.699.963	100%														

## ESB Flokkunarreglugerð - Rekstrargjöld

### Hlutfall rekstrargjalda frá afurðum eða þjónustu í tengslum við atvinnustarfsemi sem fellur að flokkunarkerfinu – birting upplýsinga sem ná yfir árið 2023

Atvinnustarfsemi	Númer	Rekstrargjöld alls €	Hlutfall rekstrargjalda %	Viðmið fyrir verulegt framlag		Viðmið fyrir verulegt tjón („Veldur ekki verulegu tjóni“)							Lágmarks verndarráðstafanir J/N	Hlutfall rekstrargjalda sem falla að flokkunarkerfinu, árið 2023 %	Hlutfall rekstrargjalda sem falla að flokkunarkerfinu, árið 2022 %	Flokkur (starfsemi sem gerir annarrí starfsemi kleift að studda að umhverfismarkitðum) E	Flokkur "(umbreytingarstarfsemi)" T
				Mótvægi við loftslagsbreytingar %	Aðlögun að loftslagsbreytingum %	Mótvægi við loftslagsbreytingar J/N	Aðlögun að loftslagsbreytingum J/N	Vatns- og sjávarauðlindir J/N	Hringrásarhagkerfi J/N	Mengun J/N	Liffræðileg fjölbreytni og vistkerfi J/N						
<b>A. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR YFIR</b>																	
<b>A.1. Umhverfissjálfbær starfsemi (sem fellur að flokkunarkerfinu)</b>																	
Rekstrargjöld starfsemi sem er umhverfissjálfbær (sem fellur að flokkunarkerfinu) (A.1)			-	0,0%													
<b>A.2 Starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (starfsemi sem fellur ekki að flokkunarkerfinu)</b>																	
Endurnýjun vatnsöflunar-, vatnshreinsi- og vatnsveitukerfa		5.2	331.978	0,8%	0,8%												
Flutningar í þéttbýli og úthverfum, farþegaflutningar á vegum		6.3	446.788	1,0%	1,0%												
Flutningar með mótorkjólum, fólksbifreiðum og léttum atvinnuökutækjum		6.5	691.228	1,6%	1,6%												
Uppsetning, viðhald og viðgerðir á búnaði og tækjum til mælinga, stýringar og eftirlits með orkunýtingu bygginga		7.5	39.035	0,1%	0,1%												
Rekstrargjöld starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (starfsemi sem fellur ekki að flokkunarkerfinu) (A.2)			1.138.016	2,6%													
<b>Alls (A.1+A.2)</b>			1.138.016	2,6%	2,6%												
<b>B STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR EKKI YFIR</b>																	
Velta frá starfsemi sem flokkunarkerfið nær ekki yfir (B)			41.853.352	97,4%													
<b>Alls (A+B)</b>			42.991.368	100%													